

# **104. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 2015**

**Skýrsla félags- og húsnæðismálaráðherra  
Eyglóar Harðardóttur  
til Alþingis**

**Velferðarráðuneytið  
maí 2016**

## **EFNISYFIRLIT**

1. INNGANGUR .....	3
2. 104. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 2015 .....	5
2.1 SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA.....	5
2.2 KJÖRBRÉFANEFND .....	6
2.3 RÆÐUR.....	7
2.4 FJÁRMÁL .....	8
2.5 FRAMKVÆMD ALÞJÓÐASAMPÝKKTA OG TILMÆLA .....	8
2.6 SMÁ OG MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI OG SKÖPUN ARÐBÆERRA STARFA .....	10
2.7 UMSKIPTI FRÁ ÓFORMLEGA HAGKERFINU TIL HINS FORMLEGA ..	11
2.8 ÞRÍHLIÐA SAMRÆÐUR MEÐ HLIÐSJÓN AF YFIRLÝSINGUNNI UM FÉLAGSLEGT RÉTTLÆTI FYRIR SANNGJARNA ALÞJÓÐAVÆÐINGU....	12
2.9 SKÝRSLA FORSTJÓRA: ILO Í ÁTT AÐ ALDARAFMÆLI .....	13
<b>Fylgiskjal I .....</b>	<b>15</b>
TILMÆLI NR. 204, UM UMSKIPTI FRÁ ÓFORMLEGA HAGKERFINU TIL HINS FORMLEGA .....	15
<b>Fylgiskjal II .....</b>	<b>33</b>
Skýrsla um starf samstarfsnefndar um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á árinu 2015 .....	33
<b>Fylgiskjal III .....</b>	<b>42</b>
Samþykktir Alþjóðavinnumálaþingsins 1919–2015.....	42

**Skýrsla  
félags- og húsnæðismálaráðherra, Eyglóar Harðardóttur, til Alþingis  
um þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO)  
sem haldið var árið 2015**

(Lögð fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

**1. INNGANGUR**

Félags- og húsnæðismálaráðherra barst bréf frá forstjóra skrifstofu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, Guy Ryder, dags. 14. desember 2015. Með bréfinu vekur forstjórinn athygli á 100 ára afmæli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 2019. Fram kemur að stofnunin hafi hleypt af stokkunum verkefni sem beinist að eftirfarandi þáttum:

- þróun atvinnulífsins og samfélagsins,
- atvinnusköpun - einnig í þágu þeirra sem standa höllum fæti á vinnumarkaði,
- breytingum á skipulagi vinnunnar vegna nýrrar tækni og
- tengslum atvinnurekenda og launafólks, réttindum og skyldum, formi á reglusetningu o.fl.

Í bréfi forstjórans eru ríkisstjórnir aldarríkjanna hvattar, í samstarfi við samtök aðila vinnumarkaðarins og önnur hlutaeigandi samtök, til þess að efna innanlands til umræðna um framangreinda þætti. Þær umræður geti síðan orðið innlegg í umfjöllun á Alþjóðavinnumálaþinginu á afmælisárinu 2019.

Félags- og húsnæðismálaráðherra svaraði erindi forstjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar með bréfi, dags. 4. febrúar 2016. Í bréfinu er vakin athygli á áratuga samstarfi ríkisstjórn Norðurlandanna að málefnum stofnunarinnar. Greint er frá því að norrænu ríkin hafi orðið sammála um að standa sameiginlega að verkefni sem miði að því að minnast 100 ára afmælis Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 2019. Þetta verði gert með því að draga saman efni úr norrænum rannsóknunum og setja það í búning sem geti orðið Alþjóðavinnumálastofnuninni og aðildarrikjum hennar að liði við framtíðarstefnumótun í félags- og vinnumálum, einkum á þeim sviðum sem fram koma í erindi forstjórans. Hugmyndin er sú að taka árlega fyrir eitt viðfangsefni til rannsóknar og niðurstöðurnar kynntar á árlegum ráðstefnum sem haldnar verði sem liður í formennskuáætlun hlutaðeigandi ríkis í Norrænu ráðherranefndinni. Samkvæmt þessu verður fyrsta ráðstefnan haldin haustið 2016 í Finnlandi, sú næsta í Noregi árið 2017 og svo í Svíþjóð árið 2018. Lokaráðstefnan verður síðan haldin á Íslandi fyrrí hluta árs 2019. Með bréfinu býður félags- og húsnæðismálaráðherra forstjóranum til ráðstefnunnar á Íslandi. Sendiherra Íslands gagnvart alþjóðastofnunum í Genf kom bréfi ráðherra á framfæri við forstjóra annan á fundi 10. febrúar 2016. Boðið um að koma til Íslands hlaut mjög jákvæðar undirtektir. Það yrði í fyrsta skipti sem forstjóri Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sækir Ísland heim frá því aðildin að stofnuninni var samþykkt á 27. Alþjóðavinnumálaþinginu í París í október 1945.

Samkvæmt 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ber stjórnvöldum aðildarríkjanna að leggja fyrir löggjafarsamkomuna samþykktir og tilmæli sem Alþjóðavinnumálaþingið hefur afgreitt. A Íslandi hefur þessu ákvæði verið fylgt með því að félagsmálaráðherra hefur lagt fyrir Alþingi skýrslu um vinnumálaþingin. Samþykktirnar og

tilmælin hafa verið fylgiskjöl með skýrslunum. Að þessu sinni er Alþingi gerð grein fyrir 104. Alþjóðavinnumálapinginu sem haldið var í Genf dagana 1. til 13. júní 2015.

Eitt helsta málefni 104. Alþjóðavinnumálaþingsins voru drög að tilmælum um aðgerðir um að gera óformlega hagkerfið að formlegu. Með óformlega hagkerfinu er átt við atvinnustarfsemi með launuðum starfsmönnum og efnahagslegar einingar sem falla ekki, eða að takmörkuðu leytti, undir skipan sem byggist á lögum eða öðrum réttarreglum. Í annan stað tekur það til ólöglegrar starfsemi, einkum þjónustustarfsemi eða framleiðslu, sölu, vörsu eða notkunar vöru sem er bönnuð með lögum, þar á meðal ólöglega framleiðslu og sölu lyfja, ólöglega framleiðslu og sölu skotvporna, mansal og peningaþvætti og er í því sambandi vísað til skilgreininga í viðeigandi alþjóðasamningum.

Markmiðið með tilmælunum er skýrt þannig að þau séu til leiðbeiningar fyrir stjórnvöld og hagsmunaaðila til að beita sér fyrir aðgerðum sem auðveldi launafólk og því sem nefnt er efnahagslegar einingar að verða hluti af formlegu efnahagslífi aðildarríkis. Við móton aðgerðanna skuli virða grundvallarréttindi launafólks og að því séu tryggðar tekjur til framfærslu. Taka skuli tillit til frumkvöðla í atvinnulífinu svo að starfsemi þeirra geti dafnað. Stuðlað skuli að stofnun, varðveislu og sjálfbærni fyrirtækja og að í þeim skapist skilyrði fyrir mannsæmandi vinnuumhverfi.

Í tilmælunum eru aðildarríkin hvött til að setja sér stefnuramma um aðgerðir á þessu svíði sem byggist á viðeigandi mati og greiningu á þáttum, eigindum, orsökum og aðstæðum sem valda því að launafólk eða efnahagslegar einingar eru utan hins formlega atvinnu- og efnahagslífs. Samtals eru talin upp 20 atriði sem geta verið andlag slíkrar greiningar.

Tilmæli nr. 204, um aðgerðir til að gera óformlega hagkerfið að formlegu, er fylgiskjal I með þessari skýrslu. Samráðsnefnd velferðarráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur tilmælin til umfjöllunar. Þeirri umfjöllun er ekki enn lokið.

Mikilvægt verkefni á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins er umfjöllun um framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Umræður um þetta efni fara fram í einni af nefndum þingsins og er byggt á skýrslu sérfræðinga. Ekki er kostur að fjalla um nema hluta þeirra mála sem reifuð eru í sérfræðingaskýrslunni. Málafjöldinn er slíkur. Samkomulag er um að þingnefndin taki 24 mál til umræðu. Þau eru jafn ólík og samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Sum snúast um ófullnægjandi fjölda vinnueftirlitsmanna, skort á stefnumótun í vinnumálum, óviðunandi aðbúnaði á vinnustöðum o.fl. Þau mál sem vekja athygli og jafnframt óhug snúast um framkvæmd á alþjóðasamþykktum 87, um félagafrelsi, og 98, um samningafrelsi, ekki síst þar sem morð á forystumönnum samtaka launafólks koma við sögu. Í skýrslunni er fjallað um það helsta sem kom fram í þingnefndinni um framkvæmd alþjóðasamþykktka.

Staða og hlutverk smárra og meðalstórra fyrirtækja í atvinnusköpun var til sérstakrar umfjöllunar á Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2015. Það ríkti samhljómur í málflutningi fulltrúa hinna þriggja hópa sem eiga fulltrúa á þinginu um mikilvægi þessara fyrirtækja fyrir atvinnulífið. Efling þeirra fjölgji störfum og dragi þar með úr fátakt. Ýmislegt kom fram í umræðum um það sem betur mætti fara. Ahersla var lögð á aðgang að fjármunum til rekstrar og fjárfestingar. Regluverk þykir flókið og mælt með einföldun. Fulltrúar launafólks töldu nauðsynlegt að hyggja betur að aðbúnaði og hollustu, vinnutíma, rétti til

fæðingar- og foreldraorlofs, almannatryggingum og fleiri atriðum. Umræður í þingnefnd, sem fjallaði um málið, leiddu í ljós að grípa þarf til margháttar aðgerða til að örva frumkvæði til að fjölgum smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Það myndi auka hagvöxt og bæta vinnuumhverfi. Afgreidd var þingsályktun í þessa veru.

Í samræmi við yfirlýsing Alþjóðavinnumálþingsins árið 2008, um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna alþjóðavæðingu, var fjallað í einni af nefndum þingsins um félagslega vernd vinnandi fólks. Í umræðum í nefndinni kom m.a. fram að vart hafi orðið umbóta á þessu svíði í aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þeir séu þó of margir sem búi við þróngan kost í þessum efnum. Þingnefndin taldi nauðsynlegt að samræma betur vinnutíma við ábyrgð á fjölskyldu. Auka þurfi félagslega vernd í smáum og meðalstórum fyrirtækjum, sbr. það sem kemur fram hér að framan. Styrkja þurfi réttarstöðu starfsmanna í óhefðbundnum störfum. Hafa þurfi í huga að breytt vinnuskipulag geti aukið andlegt álag og stuðlað að einelti á vinnustöðum. Félagslega vernd starfsmanna megi auka með ábyrgum vinnubrögðum við opinber útboð.

## 2. 104. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAPINGIÐ 2015

### 2.1 SKIPULAG OG PÁTTTAKA

104. Alþjóðavinnumálaþingið var sett um hádegisbilið mánuðaginn 1. júní 2015 í Genf. Þingið fór að stærstum hluta fram í Þjóðabandalagshöllinni en eins og nokkur undanfarin ár fóru fundir fjölmennustu nefndarinnar, nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykktu og tilmæla, fram í byggingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Undirbúningsfundir fyrir þingið voru haldnir fyrr um morguninn og daginn áður, sunnudaginn 31. maí. Því var slitið 13. júní 2015.

Forseti þingsins var kjörinn Ieva Jaunzeme, velferðarráðherra Lettlands. Varaforsetar voru kjörin: Úr hópi fulltrúar ríkisstjórnar: Modest Mero, sendiherra fastanefndar Tansaníu gagnvart alþjóðastofnunum í Genf. Úr hópi atvinnurekenda: Ronnie Goldberg, ráðgjafi hjá Alþjóðaverslunarráði Bandaríkjanna. Úr hópi launafólks: Bernard Thibault frá Alþýðusambandi Frakklands.

Sendinefnd Ísland á þinginu var skipuð eftirtöldum: Frá velferðarráðuneytinu: Anna Lilja Gunnarsdóttir ráðuneytisstjóri og Gylfi Kristinsson ráðgjafi. Frá utanríkisráðuneytinu: Martin Eyjólfsson, sendiherra Íslands gagnvart alþjóðastofnunum í Genf, Finnur Þór Birgisson sendifulltrúi og Þórður Jónsson sendiráðsritari. Fulltrúi íslenskra atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur Samtaka atvinnulífsins (SA). Varamaður hennar var Álfheiður Sívertsen, lögfræðingur SA. Fulltrúi íslensks launafólks: Magnús M. Norðdahl lögfræðingur Alþýðusambands Íslands (ASÍ). Varamaður hans var Hrönn Jónsdóttir frá ASÍ Grafiu.

Samtals bárust fulltrúabréf 5.912 þáttakenda. Af þeim mættu til þings 4.832. Þetta mun því vera með fjölmennustu þingum, ef ekki fjölsóttasta þing, í sögu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum komu 163 ráðherrar eða aðstoðaráðherrar til þingsins.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

- I. Skýrslur forstjóra og stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.
- II. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir árin 2016–17.
- III. Framkvæmd alþjóðasamþykktu og tilmæla.

- IV. Arðbær atvinnusköpun í smáum og meðalstórum fyrirtækjum.
- V. Aðgerðir til að gera óformlega hagkerfið formlegt.
- VI. Umræður um framkvæmd yfirlýsingar um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu.

Þetta Alþjóðavinnumálabing var með nokkuð öðru sniði en önnur þing. Í tilraunaskyni var ákveðið að stytta þingið um nokkra daga. Þetta setti sitt mark á þingstörfin, einkum starf þingnefnda. Fundir þeirra voru óhóflega langir, einkum nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykta sem iðulega stóðu frá kl. 10 að morgni og langt fram á kvöld. Styttning þingsins hefur kallað á óformlega undirbúningsfund. Í aðdraganda þess er tveimur til þremur dögum varið til slíkra funda. Þessar aðgerðir hafa leitt til þess að þingtíminn hefur dregist saman um rúmlega viku og er nú um tvær til tvær og hálf vika í stað þriggja og hálfra viku á árum áður. Á undirbúningsfundunum er leitað samkomulags um skipan trúnaðarstarfa á þinginu og kosnir fulltrúar hópanna gagnvart starfsfólki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Á þeim er einnig gengið frá tilnefningum fulltrúa til setu í nefndum.

Þau tíðindi gerðust á þinginu að samþykkt var umsókn Cook-eyjar að Alþjóðavinnumálastofnuninni. Um er að ræða smáeyju í Kyrrahafi með um 15 þúsund íbúa. Eyjan tilheyroi áður Nýja-Sjálandi. Cook-eyja verða 186. Aðildarríki ILO.

Samþykkt var stofnun eftirtalinna þingnefnda: Fjárhagsnefndar, nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykta og tilmæla, nefndar um arðbæra atvinnusköpun í smáum og meðalstórum fyrirtækjum, nefndar um aðgerðir til að gera óformlega hagkerfið að formlegu, nefndar sem fjallaði um lágmark félagsleg öryggis í ljósi yfirlýsingar um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu, kjörbréfanefndar og nefndar um framvindu þingsins.

## 2.2 KJÖRBRÉFANEFDN

Ein af fastaneftnum Alþjóðavinnumálþingsins er kjörbréfanefnd. Hlutverk hennar er að fylgjast með því að aðildarríkin fylgi ákvæðum í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um skipan sendinefnda á Alþjóðavinnumálþinginu. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ber aðildarriki að senda að lágmarki sendinefnd fjögurra fulltrúa til þingsins. Tveir þeirra eru fulltrúar hlutaðeigandi ríkisstjórnar, einn fulltrúi helstu samtaka atvinnurekenda og einn fulltrúi helstu samtaka launafólks. Heimilt er að skrá ráðgjafa til þátttöku í þinginu. Reglur um það efni eru að finna í 2. mgr. 3. gr. Þar segir m.a. að sérhver þingfulltrúi geti notið aðstoðar allt að tveggja ráðgjafa fyrir hvert málefni á dagskrá þingsins. Skylt er að hafa samráð við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks við val á fulltrúum þeirra í sendinefndina.

Í kjörbréfanefnd eru kjörnir þrír fulltrúar. Fulltrúi ríkisstjórn gegnir formennsku. Að þessu sinni voru eftirtaldir einstaklingar kjörnir til setu í nefndinni: Mbaibardoum Djeguedem, fulltrúi ríkisstjórnar Tsjad, formaður. Varaformenn: Lidija Horvatic, fulltrúi atvinnurekenda í Króatíu, og Jens Erik Ohrt, fulltrúi launafólks í Danmörku. Kjörbréfanefndin fjallaði á þinginu um 14 kvartanir.

Í fyrri skýrslum um Alþjóðavinnumálþingið er gerð grein fyrir sérkennilegum málarekstri sem kjörbréfanefndin hefur staðið í við stjórvöld í Pálmannalandi (Djibuti). Hann hófst á 95. Alþjóðavinnumálþinginu árið 2006. Það ár komu fram athugasemdir við val á þingfulltrúum aðila vinnumarkaðarins þar í landi. Kjörbréfanefndin óskaði eftir því

við ríkisstjórnina að hún skilaði á 96. Vinnumálapinginu ítarlegri greinargerð um það hvernig staðið sé að vali fulltrúanna. Greinargerðin skilaði sér ekki. Á 103. Alþjóðavinnumálapinginu hélt málid áfram. Kjörbréfanefndin endurtók fyrri óskir og krafðist þess að fá fyrir áramótin 2014 skýrslu um framvindu mála auk útlistunar aðila á hlutlægum reglum um val á fulltrúa launafólks í sendinefnd landsins á Alþjóðavinnumálapinginu sem væri óháður stjórnvöldum. Ríkisstjórn Pálmannatulands hafði ekki orðið við þessum síendurteknu óskum nefndarinnar. Af þessu leiddi að kjörbréfanefndin endurtók fyrri yfirlýsingar um megna óánægju með skort á samstarfsvilja ríkisstjórnar landsins í þessu áralanga þrætumáli. Nefndin tók til umfjöllunar hliðstæðar kvartanir sem beindust að eftirfarandi ríkisstjórnum: Egyptalands, Ekvador, Fílabeinsstrandarinnar, Gíneu, Haítí, Jemens, Kosta-Riku, Sómalíu, Svasílands, Tadzhikistans, Tógó og Venesúela.

Önnur mál sem nefndin tók til umfjöllunar sneru að því að stjórnvöld höfðu ekki staðið við skuldbindingar um greiðslu ferðakostnaðar vegna þátttöku fulltrúa samtaka aðila vinnumarkaðarins í Alþjóðavinnumálapinginu. Kvartanir af þessu tagi beindust að ríkisstjórnum eftirtalinna ríkja: Albaníu, Kongó og Spánar.

### 2.3 RÆÐUR

Fyrir því er löng hefð að forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf, fyrir hönd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, bjóði til Alþjóðavinnumálapingsins þjóðarleiðtogum og brautryðjendum á sviði félags- og mannréttindamála. Forstjórinn bauð að þessu sinni þremur gestum að koma til þingsins.

Fyrstur til að ávarpa þingið var Indverjinn Kailash Satyarthi sem hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 2014 fyrir baráttu sína gegn vinnu barna og fyrir því að þeim séu skapaðar aðstæður til að sækja skóla og afla sér menntunar. Kailash flutti bæði ræðu á allsherjarþingi vinnumálapingsins og tók þátt í pallborðsumræðum á degi gegn barnavinnu sem haldinn var 11. júní 2015.

Forseti Frakklands, Francois Holland, flutti ræðu á allsherjarþingi Alþjóðavinnumálapingsins síðdegis sama dag, þ.e. 11. júní. Frakklandsforseti kom við í ávarpi sínu og fór vel fram yfir áætlaðan ræðutíma. Kjarni ræðunnar fólst í því að hvetja til þríhliða samvinnu ríkisvalds, atvinnurekenda og launafólks um að takast á við loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á atvinnulífið. Hann gerði að umtalsefni væntanlega ráðstefnu um þetta efni í París haustið 2015. Mikill áhugi var á erindi forsetans og er talið að um 4.000 þingfulltrúar frá 185 aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafi hlustað á boðskap hans.

Þriðji gestur forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf var forseti Panama, Juan Carlos Varela. Á níunda áratug síðustu aldar réði ríkjum í Panama illræmd herforingjastjórn undir forsæti herforingjans Manuel Antonio Noriega. Sú stjórn var hrakin frá völdum með aðstoð Bandaríkjamanна. Það hefur verið harðsótt að endurreisa fjárhag þjóðarinnar eftir ömurlegan valdatíma Noriegastjórnarinnar. Sama gildir um endurbætur á dómkotum, réttarfari og almennum lýðréttindum. Álit þeirra sem til þekkja er að Juan Carlos Varela hafi lyft Grettistaki í þessum efnum og komið þjóð sinni aftur á spor vaxtar og velmegunar. Forseta Panama mæltist vel á Alþjóðavinnumálapinginu. Hann og kona hans, ásamt m.a. Kailash Satyarthi, tóku þátt í hliðarfundi í tengslum við Alþjóðavinnumálapingið sem helgaður var baráttu gegn barnaþrælkun. Á þeim fundi var tilkynnt

að Nígería hafi fyrst allra þjóða fullgilt nýlega bókun við alþjóðasamþykkt nr. 29, um afnám nauðungarvinnu.

Annar hliðarfundur í tengslum við Alþjóðavinnumálabingsins var helgaður bættri réttarstöðu farandverkafólks og aðgerðum til að fjölga fullgildingum á samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem fjalla um málefni þeirra. Auk forstjóra ILO, Guy Ryder, tóku þátt í pallborðsumræðum um þetta efni Cesilia Rebong, sendiherra Filipseyja, Jean Marie-Marie Ehouzou, sendiherra Sambands Afrikuríkja, Peter Sørensen, sendiherra Evrópusambandsins, og Volker Türk, framkvæmdastjóri Flóttamannaráðs Sameinuðu þjóðanna.

## 2.4 FJÁRMÁL

Fjárhagsnefnd Alþjóðavinnumálabingsins hefur nokkra sérstöðu. Hún er eina þingnefndin þar sem aðgangur er takmarkaður við fulltrúa ríkisstjórnar. Á því er ein undantekning. Hin síðari ár hefur einum talsmanni atvinnurekenda og einum talsmanni launafólks verið boðið að taka þátt og fylgjast með almennum umræðum í þingnefndinni. Eins og nafnið gefur til kynna fjallar nefndin um fjármál og starfsáætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Starfs- og fjárhagsáætlun er til tveggja ára í senn. Af því leiðir að nefndin fjallar annað hvert ár um tillögu að starfs- og fjárhagsáætlun. Hitt árið fjallar nefndin um framkvæmd gildandi starfs- og fjárhagsáætlunar.

Formaður nefndarinnar var kosinn Hamza Khelif, fulltrúi ríkisstjórnar Alsír. Áheyrnarfulltrúi atvinnurekenda var Mthuni-Perry Mason Mdwabe frá Suður-Afríku og áheyrnarfulltrúi launafólks Luc Cortebeeck frá Belgíu.

Fyrir þinginu lá að afgreiða fjárhags- og starfsáætlun til næstu tveggja ára, þ.e. 2016–2017. Tillagan er fyrst tekin til athugunar og umræðu í fjárhagsnefndinni. Andi sáttá og samlyndis sveif yfir vötnunum í nefndinni. Það hefur ekki alltaf verið tilfellið. Einhugur var um að mæla með samþykkt fjárhags- og starfsáætlunarinnar. Einnig samþykkti nefndin að mæla með því að Úsbekistan héldi atkvæðisrétti sínum á þinginu þrátt fyrir drátt á greiðslu árgjalds en samkomulag lá fyrir á milli ríkisstjórnar landsins og forsvarsmanna málaskrifstofunnar um tilhögum á greiðslu skuldarinnar. Samtals er gert ráð fyrir að heildarútgjöld stofnunarinnar á tveggja ára tímabilinu verði tæplega 800 milljónir Bandaríkjadalra. Framlag Íslands er 0,027 hundraðshlutar af útgjöldunum. Samkvæmt því ættu íslensk stjórnvöld að greiða 102.265 svissneska franka á árinu 2016. Skilvís greiðsla árgjaldsins á árinu 2015 skilar 39.000 svissneskum frönkum í bónus þannig að árgjaldið verður 102.219 svissneskir frankar.

## 2.5 FRAMKVÆMD ALÞJÓÐASAMÞYKKT A OG TILMÆLA

Mikilvægasta nefnd Alþjóðavinnumálabingsins er án efa nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkt og tillagna. Hún byggir tilveru sína á 7. grein þingskapa Alþjóðavinnumálabingsins. Nefndin er jafnframt sú fjölmennasta. Samtals sátu fundi nefndarinnar 234 þingfulltrúar (122 fulltrúar ríkisstjórnar, átta fulltrúar atvinnurekenda og 104 fulltrúar launafólks). Áheyrnarfulltrúar voru samtals 167 (átta fulltrúar ríkisstjórnar, 30 fulltrúar atvinnurekenda og 129 fulltrúar launafólks). Að auki áttu fulltrúar 32 alþjóðasamtaka áheyrnaraðild að nefndinni. Nefndin hélt fundi í fundarsal stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og var oft þróngt ekki síst þegar tala fundargesta fór yfir fjórða hundraðið. Formaður nefndarinnar var kosin Gloria Gaviria Ramos, fulltrúi ríkisstjórnar

Kólumbíu. Varaformenn voru Sonia Regenbogen, fulltrúi kadaðískra atvinnurekenda, og Yves Veyrier, fulltrúi launafólks í Frakklandi. Cecilia Mulindeti, fulltrúi ríkisstjórnar Sambíu, flutti allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar. Af Íslands hálfu tóku Álfheiður Mjöll Sívertsen, Gylfi Kristinsson og Hrafnhildur Stefánsdóttir þátt í störfum nefndarinnar. Nefndin hélt 18 fundi yfir þingtímann.

Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum sem þau hafa fullgilt. Nefndin byggir starf sitt á samantekt sérfræðinganeftnar ILO á skýrslum aðildarríkjanna um framkvæmd á alþjóðasamþykktum sem þau hafa fullgilt. Dagskrá þingnefndarinnar ákvarðast af skrá yfir mál sem fulltrúar atvinnurekenda og fulltrúar launafólks á Alþjóðavinnumálaþinginu velja úr niðurstöðum sérfræðinganna. Alla jafna eru um 25 mál á skránni og telst nefndin ekki hafa lokið störfum fyrr en öll hafa verið tekin til umfjöllunar. Fyrst og fremst er um að ræða mál sem snerta meint brot á samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Það er þó ekki algild regla. Fyrir nokkrum árum var tekin upp sú nýbreytni að taka til umfjöllunar í nefndinni framkvæmd á alþjóðasamþykkt sem gæti orðið öðrum aðildarríkjum til efturbreytni. Fyrirkomulagið er þannig að fyrst tekur til máls talsmaður hlutaðeigandi ríkisstjórnar og síðan er mælendaskrá opnuð fyrir þeim þingfulltrúum sem vilja tjá sig um það málefni sem er til umfjöllunar.

Undanfarin þrjú ár hefur gengið á ýmsu í starfi þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykktu og tilmæla. Þar skiptir mestu ágreiningurinn um túlkun samþykktar ILO nr. 87, um félagafrelsi, að því er varðar réttinn til að fara í verkfall. Við upphaf þingsins ríkti nokkur spenna í loftinu varðandi það hvort samkomulag aðila vinnumarkaðarins frá febrúar 2015 um starf nefndarinnar myndi halda. Með því samkomulagi skuldbundu fulltrúar aðila vinnumarkaðarins sig til að vinna með uppbryggilegum hætti í nefndinni og bæta starfshætti hennar. Jafnframt var ákveðið að hefja endurskoðun á eftirlitskerfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar með framkvæmd aðildarríkjanna á alþjóðasamþykktum og tilmælum. Skrá yfir mál sem tekin yrðu fyrir í þingnefndinni kom fram á tilsettum tíma. Almennar umræður um skýrslu sérfræðinganeftnarinnar um framkvæmd aðildarríkjanna á fullgiltum samþykktum voru stuttar. Talsmenn atvinnurekenda og launafólks héldu hvorir um sig efnismiklar framsöguræður þar sem m.a. kom fram að aðilar voru sammála um að vera ósammála um túlkun á samþykkt 87. Athygli vakti að einungis fulltrúar tveggja ríkisstjórna, Belgíu og Frakklands, tóku til máls undir þessum dagskrárið.

Eftir almennar umræður fór fram umræða um skýrslu sérfræðinganeftnar innar um sérstaka úttekt á framkvæmd samþykktu og tilmæla sem lúta að félagslegum réttindum landbúnaðarverkafólks. Þær eru samþykkt nr. 11, um rétt landbúnaðarfólks til að bindast samtökum og stofna félög, samþykkt nr. 141, um félagasamtök verkafólks í sveitum og þátt þeirra í efnahagslegrí og félagslegrí þróun, og tilmæli um sama efni. Íslensk stjórnvöld hafa ekki fullgilt þessar samþykktir. Niðurstaða sérfræðinganeftnarinnar er í stuttu málí sú að félagsleg staða landbúnaðarverkafólks hafi lítið batnað á þeim fjórum áratugum frá afgreiðslu samþykktar nr. 141 árið 1975. Þau atriði sem dregin eru fram sem tálma umbótum eru skortur á tækifæri til menntunar, vinna barna, erfiðar fjárhagsaðstæður, misrétti og heilsuspillandi húsnaði.

Umræður um framkvæmd einstakra ríkja á alþjóðasamþykktum tók mestan tíma nefndarinnar. Samtals fjallaði nefndin um 24 mál að þessu sinni. Málin eru jafn ólík og samþykktir ILO. Þau geta snúist um ófullnægjandi fjölda vinnueftirlitsmanna, skort á

stefnumótun í vinnumálum, óviðunandi aðbúnaði á vinnustöðum o.fl. Þau mál sem vekja athygli og jafnframt óhug snúast um framkvæmd á alþjóðasamþykktum 87, um félagafrelsi, og 98, um samningafrelsi, ekki síst þar sem morð á forystumönnum samtaka launafólks koma við sögu. Nefndin var sérstaklega harðorð í garð þriggja ríkja. Í þeim hópi var Kasakstan vegna brota á samþykkt nr. 87, um félagafrelsi. Annað ríki var Bólíví vegna framkvæmdar á samþykkt nr. 138, um lágmarksaldur til vinnu. Þar hefur ríkisstjórnin gengið í þveröfuga átt við ákvæði samþykktarinnar og lækkað lágmarksaldurinn með þeirri röksemd að um tímabunda aðgerð sé að ræða og lið í þeirri stefnu að uppræta barnavinnu fyrir árið 2020. Það þriðja var Svasíland. Þar meina stjórnvöld atvinnurekendum og launafólki að bindast samtökum í samræmi við ákvæði í alþjóðasamþykkt nr. 87.

Alþjóðasamþykkt nr. 182, um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd, er sú samþykkt sem svo til öll aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafa fullgilt. Stofnunin hefur lagt mikla áherslu á að aðildarríkin virði skuldbindingar sem í henni felast. Á því er misbrestur. Á Alþjóðavinnumálaþinginu voru stjórnvöld í Kambódíu harðlega gagnrýnd fyrir framkvæmd á samþykktinni. Skólakerfið er vanþróað og stór hluti, allt að fjórðungur barna, er á vinnumarkaði og þúsundir eru seld mansali og eru ofurseld kynlífssþrælkun. Nefndin fjallaði enn á ný um þrælkunar- og nauðungarvinnu í Máritanínu. Landið mun vera það síðasta í heiminum þar sem þrælkunarvinna með gamla laginu tíðkast enn þann dag í dag. Um er að ræða brot á samþykkt nr. 29, um afnám nauðunarvinnu eða skylduvinnu. Stjórnvöld í Katar voru gagnrýnd fyrir svonefnt kafala-kerfi og voru hvött til að bæta aðstæður farandverkamanna. Framkvæmd Ítalíu og Spánar á samþykkt nr. 122, um stefnu í atvinnumálum, kom til umfjöllunar. Ástæðan eru niðurskurðaraðgerðir sem gripið hefur verið til vegna banka- og fjármálakreppunnar.

Haldnar voru tvær ræður í nafni ríkisstjórnar Norðurlandanna í þingnefndinni um framkvæmd alþjóðasamþykktta. Önnur ræðan var um framkvæmd Gvatemala á samþykkt nr. 87. Hin um framangreint málefni Katar.

Slóðin að skýrslu þingnefndarinnar er eftirfarandi:

<http://www.ilo.org/ilc/ILCSessions/104/committees/standards/lang--en/index.htm>

## 2.6 SMÁ OG MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI OG SKÖPUN ARÐBÆERRA STARFA

Á undanförnum árum hefur verið lögð rík áhersla á gildi smárra og meðalstórra fyrirtækja í atvinnusköpun. Á vettvangi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur verið bent á að þessi fyrirtæki geti gegnt afgerandi hlutverki í að fjölga störfum sem bæði eru arðbær og mannsæmandi. Með hliðsjón af þessu ákvað stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar að setja þetta viðfangsefni á dagskrá 104. Alþjóðavinnumálaþingsins og var fjallað um það í einni af nefndum þingsins. Formaður hennar var kjörin Zornitsa Dimitrova Rouissinova, vinnumálaráðherra Búlgariu. Varaformenn voru kjörin Grance Pineau, fulltrúi atvinnurekenda frá Frakklandi, og Grant Belchamber, fulltrúi launafólks á Nýja-Sjálandi. Bonilla Garcia, fulltrúi ríkisstjórnar Mexikó, flutti allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar sem hélt 11 fundi um þingtímann.

Nefndarstarfið hófst með kynningu á ýmsum skýrslum sem teknar hafa verið saman á vegum Alþjóðvinnumálastofnunarinnar um þetta efni. Einnig var vísað til umræðna sem áttu sér stað á Alþjóðavinnumálaþinginu árið 1998 sem afgreiddi tilmæli nr. 189, um almennar aðstæður til að fjlga störfum í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Í þeim er lögð áhersla á að aðildarríkin beiði sér fyrir eftirfarandi:

a. að tileikna sér og beita viðeigandi stefnu í fjármálum, peningamálum og atvinnumálum sem stuðlar að sem bestum aðstæðum í efnahagsmálum (einkum sem varða verðbólgu, vaxtastig, gengi gjaldmiðla, skatta, atvinnustig og stöðugleika í samféluginu);

b. að samþykkja og beita viðeigandi lagagreinum sem fyrst og fremst varða eignarrétt, sem nær m.a. til hugverka, staðsetningar fyrirtækja, framkvæmdar samninga, sanngjarnrar samkeppni og viðeigandi löggjafar á sviði félags- og vinnumála;

c. að gera sjálfstæða atvinnustarfsemi meira aðlaðandi með því að forðast stefnumörkun og lagasetningu sem kemur sér illa fyrir þá sem óska að starfa sjálfstætt.

Það ríkti samhljómur í málflutningi fulltrúa hinna þriggja hópa sem eiga fulltrúa á þinginu um mikilvægt framlag smárra og meðalstórra fyrirtækja til atvinnusköpunar. Það myndi leiða til þess að draga úr fátækt. Ýmislegt kom fram í umræðum sem betur mætti fara. Þannig var lögð áhersla á aðgang að fjármunum til rekstrar og fjárfestingar. Einnig þótti regluverk flókið og mælt með einföldun. Fulltrúar launafólks töldu nauðsynlegt að hyggja betur að aðbúnaði og hollustu, vinnutíma, rétti til fæðingar- og foreldraorlofs, almannatrygginga og fleiri atriðum. Umræður í nefndinni leiddu í ljós að grípa þarf til margháttar aðgerða til að örva frumkvæði, hagvöxt og mannsæmandi störf.

Slóðin að skýrslu þingnefndarinnar er eftirfarandi:

[http://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/-/-ed\\_norm/-/relconf/documents/meetingdocument/wcms\\_375347.pdf](http://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/-/-ed_norm/-/relconf/documents/meetingdocument/wcms_375347.pdf)

## 2.7 UMSKIPTI FRÁ ÓFORMLEGA HAGKERFINU TIL HINS FORMLEGA

Á fundi stjórnarnefndar alþjóðavinnumálastrifstofunnar var ákveðið að setja á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins viðfangsefnið umskipti frá óformlega hagkerfinu til hins formlega. Áður er komið fram í skýrslum félagsmálaráðherra um Alþjóðavinnumálaþingin að þetta málefni var tekið fyrst fyrir á vettvangi þingsins árið 2002. Við það tækifæri var sjónum fyrst og fremst beint að vinnuaðstæðum þeirra sem vinna hjá fyrirtækjum sem starfa í því sem kallað var óformlega hagkerfið. Í skýrslu sem unnin var fyrir þingið kemur fram að flestir sem ráða sig í vinnu hjá fyrirtækjum í óformlega hagkerfinu gera það af neyð en ekki að eigin vali. Fram kemur í skýrslunni að hvergi tilkist eins mörg brot á kröfunni um „mannsæmandi vinnuskilyrði“ og þar. Flest launafólk í þessum hluta hagkerfisins hefur litla sem enga félagslega vernd og öryggi og er talið að léleg hagstjórn ríkisstjórna eigi stærstan þátt í að óformlega hagkerfið blómstri.

Á Alþjóðavinnumálaþinginu 2014 fór fram fyri umræða um aðgerðir til að gera óformlega hagkerfið formlegt og síðari umræða á 104. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2015. Fyrst var fjallað um málefnið í þingnefnd. Formaður nefndarinnar var kosinn Virgil Seafield, fulltrúi ríkisstjórna Suður-Afríku. Varaformenn voru kosnir Alexander Frimpong, fulltrúi atvinnurekenda í Ghana, og Plamen Dimitrov, fulltrúi launafólks í Búlgaríu. Lucas Vinísius Sversut, fulltrúi ríkisstjórna Brasilíu, flutti allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar. Nefndin hélt samtals 11 fundi um þingtímann. Hún afgreiddi til

allsherjarþingsins tillögu að tilmælum sem var samþykkt með 484 atkvæðum. Einn var á móti og fimm sátu hjá.

Stór hluti nefndarstarfsins fór í umræður um markmið tilmælanna og orðskýringar.

Markmiðið með tilmælunum er útskýrt þannig að þau séu til leiðbeiningar fyrir stjórnvöld og hagsmunaaðila til að beita sér fyrir aðgerðum sem auðveldi launafólki og því sem nefnt er efnahagslegum einingum að gerast hluti af formlegu efnahagslífi aðildarríkis. Aðgerðirnar skuli taka af því mið að virða grundvallarréttindi launafólks og að því séu tryggar tekjur til framfærslu. Þær skulu einnig varðveita rými þannig að starfsemi frumkvöðla geti þrifist. Einnig skuli stuðlað að stofnun, varðveislu og sjálfbærni fyrirtækja svo að í þeim skapist skilyrði fyrir mannsæmandi vinnuumhverfi.

Niðurstaðan varðandi skýringu á „óformlega hagkerfinu“ varð sú að það vísi til atvinnustarfsemi launafólks og efnahagslegra eininga sem, samkvæmt lögum eða venju, falla ekki eða að takmörkuðu leyti undir formlegt fyrirkomulag. Í annan stað taki það til ólöglegrar starfsemi, einkum þjónustustarfsemi eða framleiðslu, sölu, vörlu eða notkunar vöru sem er bönnuð með lögum, þar á meðal ólöglegrar framleiðslu og sölu lyfja, ólöglegrar framleiðslu og sölu skotvopna, mansals og peningaþvættis og er í því sambandi vísað til skilgreininga í viðeigandi alþjóðasamningum.

Í tilmælunum eru aðildarríkin hvött til að setja sér stefnuramma um aðgerðir á þessu svíði sem byggist á viðeigandi mati og greiningu á þáttum, eigindum, orsökum og aðstæðum sem valda því að launafolk eða efnahagslegar einingar eru utan hins formlega atvinnu- og efnahagslífs. Samtals eru talin upp 20 atriði sem geta verið andlag slíkrar greiningar.

Slöðin að skýrslu þingnefndarinnar er: [http://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/-ed\\_norm/-relconf/documents/meetingdocument/wcms\\_375370.pdf](http://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/-ed_norm/-relconf/documents/meetingdocument/wcms_375370.pdf)

Tilmæli nr. 204, umskipti frá óformlega hagkerfinu til hins formlega, er fylgiskjal nr. I með þessari skýrslu.

## **2.8 PRÍHLIÐA SAMRÆÐUR MEÐ HLIÐSJÓN AF YFIRLÝSINGUNNI UM FÉLAGSLEGT RÉTTLÆTI FYRIR SANNGJARNA ALÞJÓÐAVÆÐINGU**

Umræður um áhrif hnattvæðingar atvinnu- og efnahagslífs á stöðu launafólks hefur verið umfangsmikil á undanförnum árum á vettvangi Alþjóðavinnnumála-stofnunarinnar. Í skýrslu félags- og tryggingamálaráðherra til Alþingis um 97. Alþjóðavinnnumálaþingið 2008 er að finna yfirlit yfir þessar umræður. Þar kemur m.a. fram að á þinginu 2008 var samþykkt skuldbindandi yfirlýsingum um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu. Gildi hennar felst fyrst og fremst í því að ríkisstjórnir, fulltrúar atvinnurekenda og launafólks lýsa yfir þörf fyrir nýja stefnu sem byggist á frjálsum og lýðræðislegum samfélögum þjóðanna sem virða félagslegt réttlæti, leggja áherslu á fulla og arðbæra atvinnu og félagslega samstöðu. Með yfirlýsingunni er viðurkenndur ávinnungurinn af hnattvæðingu en jafnframt er hvatt til aðgerða í því skyni að hrinda í framkvæmd áætlun ILO um mannsæmandi vinnuskilyrði þannig að arðinum sé skipt með sanngjörnum hætti milli allra.

Í yfirlýsingunni felst einnig að nýjum stoðum er skotið undir það hlutverk Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar að liðsinna aðildarríkjunum á virkan hátt til að beita sér fyrir umbótum og ná árangri og félagslegu réttlæti á grundvelli hinna fjögurra þátta í stefnu í

ILO um mannsæmandi vinnuskilyrði: Starfa fyrir vinnufúsar hendur, félagslegrar verndar, frelsis aðila vinnumarkaðarins til samningsgerðar og samstarfs þeirra við ríkisvaldið og virðingar fyrir grundvallargildum og réttindum í atvinnulífinu. Í henni er tekið fram að ákvæðin eru ekki valkvæð. Vanefnd á framkvæmd einhvers þessara fjögurra þátta torveldar að öðrum sé hrint í framkvæmd. Um sé að ræða sjálfstæða þætti sem verði að vinna saman svo árgangur náiðst.

Að þessu sinni var tekin til umfjöllunar félagsleg vernd vinnandi fólks. Það voru einkum eftirfarandi þættir sem voru til athugunar: Launastefna, vinnutími, vinnumhverfi og fæðingarorlof. Byggð var á skýrslu sem starfsmenn alþjóðavinnumálaskrifstofunnar höfðu tekið saman. Í henni er lögð áhersla á að það séu einkum þessir atriði sem skipti höfuðmáli varðandi raunverulega vernd launafólks gegn misneytingu.

Í samræmi við starfshætti Alþjóðavinnumálaþingsins var fjallað um skýrsluna í einni af nefndum þingsins. Hún naut formennsku Janine Pitt, fulltrúa ríkisstjórnar Ástralíu. Varaformenn voru kjörin Maria Victoria Giulietti, fulltrúi atvinnurekenda í Argentínu, og Catelene Passchier, fulltrúi launafólks í Hollandi. Nefndin hélt samtals níu fundi um þingtímann.

Í nefndinni sátu nærri 200 fulltrúar. Valinn var 24 manna hópur til þess að vinna úr niðurstöðum almennu umræðunnar. Í því fólst að ná samkomulagi um drög að niðurstöðum nefndarinnar sem síðan voru lögð fyrir allsherjarþingið til samþykktar. Í hópnum áttu sæti 12 fulltrúar ríkisstjórnar, sex fulltrúar atvinnurekenda og sex fulltrúar launafólks. Magnús M. Norðahl var kjörinn einn þeirra.

Niðurstöður nefndarinnar má draga saman á eftirfarandi hátt:

- Fjölda þarf fullgildingum á alþjóðasamþykktum og bæta framkvæmd á reglum sem gilda um þau málefni sem nefndin fjallaði um. Einnig þarf að fara yfir reglurnar og meta hvort þær séu í samræmi við breyttar aðstæður.

- Miðla þarf þekkingu til þeirra sem þurfa á leiðsögn að halda, auka tækniaðstoð og deila upplýsingum um velheppnaðar aðgerðir.

- Eftirlit með aðbúnaði og hollustu á vinnustöðum þarf einnig að ná til smárra og meðalstórra fyrirtækja óháð því hvort þau starfi í formlega eða óformlega hagkerfinu.

- Gera þarf úttekt á óhefðbundnum ráðningarfórum og bera þau saman við reglur Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

- Bæta má vinnumhverfi með kröfum í opinberum útboðsskilmálum og hvetja til fullgildingar samþykktar nr. 94, um vinnuákvæði í opinberum samningum.

Það voru einkum tvö atriði sem ollu mestum ágreiningi á milli fulltrúa atvinnurekenda og launafólks í nefndinni. Hið fyrra sneri að hæfilegum launum sér til framfærslu og um opinber útboð.

Slóðin að niðurstöðum þingnefndarinnar er:

[http://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/-/-ed\\_norm/-/relconf/documents/meetingdocument/wcms\\_375385.pdf](http://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/-/-ed_norm/-/relconf/documents/meetingdocument/wcms_375385.pdf)

## 2.9 SKÝRSLA FORSTJÓRA: ILO Í ÁTT AÐ ALDARAFMÆLI

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf tekur árlega saman skýrslu til Alþjóðavinnumálaþingsins. Skýrsla forstjórans, Guy Ryder, og stjórnarnefndar alþjóðavinnumála-

skrifstofunnar eru ræddar í almennum umræðum á allsherjarþingi vinnumálaþingsins. Skýrsla forstjórans til 104. Alþjóðavinnumálaþingsins fjallaði um nánari útfærslu á tillögum sem hann setti fram árið 2014 til að minnast 100 ára afmælis Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 2019 undir yfirskriftinni: Vinnumarkaður framtíðarinnar. Markmiðið er að reifa viðfangsefni sem stjórnvöld vinnumála eru að fást við og koma til með að krefjast lausna í næstu framtíð. Með þessu á að leitast við að Alþjóðavinnumálastofnunin haldi áfram að gegna hlutverki við að tryggja félagslegt réttlæti. Tillaga forstjórans er að lögð verði áhersla á eftirfarandi þætti: Vinnu og samfélag, mannsæmandi vinnuskilyrði allra, endurskipulagningu vinnu og framleiðslu, og stjórn og lagaumhverfi vinnumála.

Í skýrslu sinni leggur forstjórinn til að unnið verði að undirbúningnum fyrir afmælisárið í þremur skrefum. Það fyrsta felst í því að forstjórinn býður áhugasömum hagsmunaaðilum að taka þátt í umfjöllun um hin fjögur framangreindu málefni sem marka ramma fyrir umræðurnar um vinnumarkað framtíðarinnar. Framlagið verður stofn í fjórum skýrslum sem hver um sig verður helguð einu af framangreindum stefum. Annað skrefið felst í skipun nefndar ráðherra og annarra háttsettra embættismanna. Henni verður falið það hlutverk að fara yfir skýrslurnar og umræður um þær og semja samantekt sem verður grundvöllur umræðna á afmælisþinginu 2019. Með þriðja skrefinu verða aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hvött til að halda ráðstefnur á fyrrí hluta árs 2019 sem geti ásamt samantekt embættismannanefndarinnar verið undanfari nýrrar yfirlýsingar um stefnu og hlutverk Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem samþykkt verði á Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2019.

Guy Ryder fjallar í skýrslunni um stöðuna á alþjóðlegum vinnumarkaði eins og hún blasir við Alþjóðavinnumálastofnuninni. Fram kemur að um 200 milljónir manna séu atvinnulausir eða 30 milljónum fleiri en árið 2008. Það er einkum atvinnuleysi ungs fólks sem hefur aukist umtalsvert og þótt atvinnuþátttaka kvenna hafi lítillega aukist á þessum tíma en hún 26 hundraðshlutum lægri en karla. Hnattvæðing framleiðslunnar hefur opnað nýja markaði og fjölgað störfum. Hnattrænar aðfangakeðjur hafa grafið undan grundvallar-retíndum launafólks samfara aukinni samkeppni. Þess þróun skapar ný viðfangsefni sem stjórnvöld vinnumála þurfa að takast á við. Flutningur fólks landa á milli, m.a. í atvinnuleit, hefur aukist um 50 hundraðshluta frá árinu 1990. Þótt framlag útlends launafólks til atvinnu- og efnahagslífs móttökulandsins sé óumdeilt hafnar það oft í atvinnuleysi, verður fyrir misrétti og jafnvél fjandskap. Þessi staða hefur þegar haft pólitískar afleiðingar sem geta reynst afdrifaríkar þegar til lengri tíma er litið ef ekki er brugðist við með réttum hætti.

## **Fylgiskjal I**

### **TILMÆLI NR. 204, UM UMSKIPTI FRÁ ÓFORMLEGA HAGKERFINU TIL HINS FORMLEGA**

#### **Inngangsorð**

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 104. sinn hinn 1. júní 2015 og

gerir sér grein fyrir að vöxtur allra þátta óformlega hagkerfisins er meiriháttar verkefni, með tilliti til réttinda starfsmanna, þar á meðal grundvallarreglna og réttinda á vinnustað og félagslegrar verndar, mannsæmandi lífskjara, þ.m.t. þróunar réttarríkisins, og hefur neikvæð áhrif á þróun sjálfbærra fyrirtækja, opinberra tekna og umfang aðgerða ríkisstjórnanna, einkum með tilliti til stefnu í efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu tilliti, um styrk stofnana og sanngjarna samkeppni á innlendum og alþjóðlegum markaði og

viðurkennir að fæstir taka þátt í óformlega hagkerfinu að eigin vali heldur sökum skorts á tækifærum í formlega hagkerfinu og að tækifæri til að afla sér lífsviðurværis með öðrum hætti eru ekki fyrir hendi og

minnir á að annmarkar, sem hamla gegn mannsæmandi vinnu, þ.e. synjun á réttindum við vinnu, skortur á nægilegum tækifærum til að stunda góða vinnu, ófullnægjandi félagsleg vernd og skortur á samráði aðila vinnumarkaðarins, eru mest einkennandi fyrir óformlega hagkerfið og

viðurkennir að óformlegt fyrirkomulag hefur fjölmargar afleiðingar í för með sér, þ.m.t. mál tengd stjórnarháttum og uppbryggingu, og að stefna stjórnvalda getur hraðað ferli umskipta til formlegs hagkerfis í tengslum við samráð aðila vinnumarkaðarins og

minnir á Fíladelfíuyfirlýsinguna frá 1944, almennu mannréttindayfirlýsinguna frá 1948, yfirlýsingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um grundvallarréttindi í atvinnulífinu og skjal um framkvæmd hennar frá 1998 og yfirlýsingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu frá 2008 og

áréttar mikilvægi hinna átta grundvallarsamþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og annarra viðeigandi alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála og gerninga Sameinuðu þjóðanna sem taldar eru upp í viðaukanum og

minnir á ályktun og niðurstöður sem tengjast mannsæmandi vinnu og óformlega hagkerfinu sem samþykktar voru á 90. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2002 sem og aðrar viðeigandi ályktanir og niðurstöður sem taldar eru upp í viðaukanum og

staðfestir mikilvægi þess að gera óformlega hagkerfið að formlegu hagkerfi og stuðla þannig að þróun sem allir koma að og að ná því markmiði að öllum standi til boða mannsæmandi vinna og

gerir sér grein fyrir að aðilar þurfa að grípa til brýnna og viðeigandi ráðstafana til að gera launafólki og efnahagslegum einingum kleift að umbreyta óformlega hagkerfinu í formlegt, en tryggja um leið óskert og batnandi lífsviðurværi meðan umskiptin eiga sér stað og

gerir sér grein fyrir að samtök atvinnurekenda og launafólks gegna mikilvægu og virku hlutverki við að auðvelda umskipti frá óformlegu hagkerfi til formlegs hagkerfis og

hefur ákveðið að samþykkja tilteknar tillögur um að gera óformlega hagkerfið að formlegu, sem er fimmta mál á dagskrá þessa þings og

hefur ákveðið að þessar tillögur skuli birtast í formi tilmæla;

samþykkir í dag, 12. júní 2015, eftirfarandi tilmæli, sem vísa má til með heitinu tilmæli um að gera óformlega hagkerfið að formlegu, 2015.

## I. Markmið og gildissvið

1. Þessi tilmæli eru leiðbeiningar fyrir aðila sem miða að því:

- a) að gera launafólki og efnahagslegum einingum auðveldara fyrir að gera óformlega hagkerfið að formlegu en virða um leið grundvallarréttindi launafólks og tryggja þeim tækifæri til tekjuöryggis, lífsviðurväris og frumkvöðlastarfsemi;
- b) að stuðla að stofnun, varðveislu og sjálfbærni fyrirtækja og sköpun mannsæmandi starfa í formlega hagkerfinu og samræmingu þjóðhagslegrar stefnu, stefnu á sviði atvinnumála, félagslegrar verndar og annarrar stefnu á sviði félagsmála og
- c) að koma í veg fyrir að störf í formlega hagkerfinu færist yfir í hið óformlega.

2. Að því er varðar þessi tilmæli vísar „óformlega hagkerfið“:

- a) til atvinnustarfsemi launafólks og efnahagslegra eininga sem, samkvæmt lögum eða venju, falla ekki eða að takmörkuðu leyti undir formlegt fyrirkomulag og
- b) til ólöglegrar starfsemi, einkum þjónustustarfsemi eða framleiðslu, sölu, vörlu eða notkunar vöru sem er bönnuð með lögum, þar á meðal ólöglegrar framleiðslu og sölu lyfja, ólöglegrar framleiðslu og sölu skotvopna, mansals og peningaþvættis, samkvæmt skilgreiningu í viðeigandi alþjóðasamningum.

3. Að því er varðar þessi tilmæli merkir hugtakið „efnahagslegar einingar“ í óformlega hagkerfinu:

- a) einingar sem ráða vinnafl til starfa;
- b) einingar sem eru í eigu einstaklinga sem vinna á eigin vegum, annaðhvort einir eða með aðstoð einstaklinga í sömu fjölskyldu sem leggja til vinnu og
- c) samvinnufélög og efnahagseiningar byggðar á félagslegum grunni og samstöðu.

4. Þessi tilmæli gilda um allt launafolk og efnahagslegar einingar, þ.m.t. fyrirtæki, athafnamenn og heimili, í óformlega hagkerfinu, einkum:

- a) þá sem starfa í óformlega hagkerfinu og eiga og reka efnahagslegar einingar,  
þ.m.t.:
  - i) einyrkja;
  - ii) atvinnurekendur og
  - iii) félaga í samvinnufélögum og efnahagseiningum byggðum á félagslegum grunni og samstöðu;
- b) starfsmenn í sömu fjölskyldu sem leggja til vinnu án tillits til þess hvort þeir vinna í efnahagslegum einingum í formlega hagkerfinu eða því óformlega;
- c) starfsmenn sem stunda óformleg störf hjá eða fyrir formleg fyrirtæki eða hjá eða fyrir efnahagslegar einingar í óformlega hagkerfinu, þ.m.t. en ekki takmarkað við þá sem starfa sem undirverktakar og í aðfangakeðju, eða sem þjónustufólk á launum hjá heimilum og
- d) launafólk í ráðningarsambandi sem er ekki viðurkennt og lýtur ekki reglum.

5. Óformleg vinna fer fram í öllum greinum efnahagslífsins, bæði hjá hinu opinbera og hjá einkaaðilum.

6. Í tengslum við framkvæmd ákvæða 2.–5. mgr. hér að framan, að teknu tilliti til þeirrar fjölbreytni sem ríkir innan óformlega hagkerfisins í hinum ýmsu aðildarríkjum, ætti lögbært yfirvald að greina eðli og umfang óformlega hagkerfisins, eins og lýst er í þessum tilmælum, og tengsl þess við formlega hagkerfið. Þannig ætti lögbæra stjórnvaldið að nýta þríhliða kerfi með fullri þáttöku heildarsamtaka atvinnurekenda og launafólks og í þeirra röðum ættu, samkvæmt landsvenju, að vera fulltrúar félaga í samtökum launafólks og efnahagslegra eininga í óformlega hagkerfinu.

## **II. Leiðbeinandi meginreglur**

7. Við mörkun heildstæðrar og sampættrar stefnu til að auðvelda umskipti yfir í formlegt hagkerfi ættu aðilar að taka tillit til eftirfarandi:

- a) margbreylegra eiginleika, aðstæðna og þarfa launafólks og efnahagslegra eininga í óformlega hagkerfinu og nauðsyn þess að takast á við slíkan margbreyleika með sérsniðnum aðferðum;
- b) sérstakra aðstæðna innanlands, löggjafar, stefnu, venju og forgangsröðunar fyrir umskipti til formlegs hagkerfis;
- c) þeirrar staðreyndar að beita má ólíkum og fjölmögum aðferðum til að auðvelda umskipti til formlegs hagkerfis;
- d) þarfir fyrir samfelli og samræmingu hinna ýmsu málaflokka í því skyni að auðvelda umskipti til formlegs hagkerfis;
- e) skilvirkrar kynningar og verndar mannréttinda allra þeirra sem starfa í óformlega hagkerfinu;
- f) að allir fái að stunda mannsæmandi vinnu þannig að grundvallarreglur og réttindi í atvinnulífinu séu virt samkvæmt lögum og venju;
- g) uppfærðra alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála sem eru til leiðbeiningar í tilteknum málaflokkum (sjá viðauka);
- h) að stuðlað sé að jafnrétti og jafnræði kynjanna og unnið gegn mismunun;
- i) þeirrar nauðsynjar að sérstaklega sé hugað að þeim sem eru sérlega berskjálðaðir fyrir alvarlegustu annmörkum, sem hamla gegn mannsæmandi vinnu í óformlega hagkerfinu, þ.m.t. en ekki takmarkað við konur, ungt fólk, fólk á faraldsfæti, eldri borgara, frumbyggja og ættbálkasamfélög, HIV-jákvæða einstaklinga eða einstaklinga sem verða fyrir áhrifum af HIV eða alnæmi (AIDS), fatlaða einstaklinga, þjónustufólk á heimilum og bændur sem stunda sjálfsþurftarbúskap;
- j) að þess sé gætt að varðveita og auka, meðan umskiptin yfir í formlega hagkerfið standa yfir, framtaksmöguleika, sköpunargleði, virkni, færni og nýsköpunargetu launafólks og efnahagslegra eininga í óformlega hagkerfinu;
- k) nauðsynjar yfirvegaðrar nálgunar þar sem ívilnanir og reglufylgni fara saman og

- l) nauðsynjar þess að koma í veg fyrir og beita viðurlögum gegn vísvitandi sniðgöngu eða brotthvarfi frá formlega hagkerfinu í þeim tilgangi að komast hjá skattlagningu og beitingu félagsmálaréttar og vinnulögggjafar.

### **III. Laga- og stefnurammi**

8. Aðilar ættu að standa fyrir viðeigandi mati og greiningu á þáttum, eigindum, orsökum og aðstæðum óformleika á landsvísu til að upplýsa um setningu laga og reglna og framkvæmd þeirra, stefnu og aðrar ráðstafanir sem miða að því að auðvelda umskipti yfir í formlega hagkerfið.

9. Aðilar ættu að samþykkja, endurskoða og framfylgja landslögum og reglugerðum eða gera aðrar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja vernd allra flokka launafólks og efnahagslegra eininga.

10. Aðilar ættu að tryggja að samþættur stefnurammi, sem auðveldar umskipti yfir í formlega hagkerfið, sé hluti af áætlunum eða skipulagi á landsvísu auk áætlana og fjárveitinga, sem miða að því að draga úr fátækt, að teknu tilliti til, eftir því sem við á, hlutverks mismunandi stjórnsýslustiga.

11. Þessi samþætti stefnurammi ætti að innihalda eftirtalið:

- a) að stuðla að áætlunum um sjálfbæra þróun, útrýmingu fátæktar og hagvöxt fyrir alla og skapa mannsæmandi störf í formlega hagkerfinu;
- b) að skapa viðeigandi laga- og regluramma;
- c) að stuðla að uppbyggilegu viðskipta- og fjárfestingarumhverfi;
- d) að bera virðingu fyrir og stuðla að framkvæmd grundvallarreglna og réttinda í atvinnulífinu;

- e) að hvetja atvinnurekendur og launafólk til að stuðla að skoðanaskiptum milli aðila vinnumarkaðarins;
- f) að stuðla að jafnrétti og afnámi hvers konar mismununar og ofbeldis, þ.m.t. kynbundið ofbeldi á vinnustað;
- g) að stuðla að frumkvöðlastarfsemi örlítila, lítila og meðalstórra fyrirtækja og annarra tegunda fyrirtækja og efnahagslegra eininga, svo sem samvinnufélaga og annarra eininga sem byggjast á félagslegum og samstöðulegum grunni;
- h) aðgengi að námi, símenntun og færniþróun;
- i) aðgengi að fjármálaþjónustu, þ.m.t. með regluverki, sem stuðlar að fjármálageira fyrir alla;
- j) aðgengi að fyrirtækjaþjónustu;
- k) aðgengi að mörkuðum;
- l) aðgengi að innviðum og tækni;
- m) að stuðla að þverfaglegri stefnumótun;
- n) að koma á lágmarksrétti til félagslegrar verndar, þar sem hann er ekki fyrir hendi, og víkka gildissvið almannatrygginga;
- o) að stuðla að þróunaráætlunum á landsvísu, bæði í dreifbýli og þéttbýli, þ.m.t. lögverndaður aðgangur að notkun rýmis í almannaeign og lögverndaður aðgangur að náttúruauðlindum í almannaeigu sem eru nýttar til lífsviðurværis;
- p) skilvirkar áætlanir um öryggi og heilbrigði við vinnu;
- q) skilvirk og árangursríkt vinnueftirlit;
- r) tekjuöryggi, þ.m.t. viðeigandi stefnumið um lágmarkslaun;
- s) skilvirk aðgengi að réttarkerfinu og
- t) alþjóðlegan samstarfsvettvang.

12. Við mótu og innleiðingu sambætts stefnuramma ættu aðilar að tryggja samræmingu á hinum ýmsu stigum stjórnsýslunnar og samvinnu milli viðkomandi stofnana og stjórnvalda, svo sem skattayfirvalda, almannatryggingastofnana, vinnueftirlits, yfirvalda tollamála, stofnana sem fara með mál fólks á faraldsfæti, og ráðningarástofa meðal annarra, að teknu tilliti til aðstæðna.

13. Aðilar ættu að gera sér grein fyrir mikilvægi þess að tryggja launafólki og efnahagslegum einingum tekjuöryggi meðan ferli umskipta til formlegs hagkerfis stendur yfir með því að sjá launafólki og efnahagslegum einingum fyrir úrræðum til að öðlast viðurkenningu á núverandi eignum sínum auk þess að sjá fyrir úrræðum til að ganga formlega frá eignarrétti og aðgengi að landi.

#### **IV. Stefna í atvinnumálum**

14. Sem liður í að ná því markmiði að skapa mannsæmandi störf í formlega hagkerfinu ættu aðilar að móta og innleiða stefnu í atvinnumálum á landsvísu í samræmi við samþykkt um stefnu í atvinnumálum, 1964 (nr. 122) þannig að full, mannsæmandi og gefandi atvinna, sem valin er af frjálsum vilja, verði helsta markmið þróunar- og hagvaxtaráætlunar á landsvísu.

15. Aðilar ættu að stuðla að framkvæmd alhliða stefnuramma í atvinnumálum, sem byggist á þríhliða samráði sem getur falið í sér eftirfarandi þætti:

- a) atvinnuskapandi þjóðhagsleg stefnumið sem styðja heildareftirspurn, arðbæra fjárfestingu og skipulagsbreytingar, stuðla að sjálfbærni fyrirtækja, skapa viðskiptatraust og taka á misrétti;
- b) stefnumótun á sviði viðskipta, iðnaðar, skattamála, starfsgreina og innviða sem stuðla að bættu atvinnuástandi, auka framleiðni og auðvelda ferli skipulagsumbreytinga;
- c) framtaksverkefni sem stuðla að sjálfbærum fyrirtækjum og einkum skilyrðum sem stuðla að uppbryggilegu umhverfi, að teknu tilliti til ályktunar og niðurstaðna um eflingu sjálfbærra fyrirtækja, sem samþykkt var á 96. vinnumálajungi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 2007, þ.m.t. er stuðningur við örlítil, lítil og meðalstór fyrirtæki og hvers konar frumkvöölastarfsemi sem og vandaðar gagnsæjar og velkynntar reglugerðir til að stuðla að formfestingu og sanngjarnri samkeppni;

- d) vinnumarkaðsstefnu og stofnanir sem aðstoða tekjulág heimili við að losna úr fátækt og komast í vinnu að eigin vali, svo sem með viðeigandi launastefnu að meðtöldum lágmarkslaunum, almannatryggingum þ.m.t. millifærslum á reiðufé, opinberum áætlunum um atvinnu og ábyrgðum ásamt víðtækari og betri ráðningarábjónustu til handa þeim sem tilheyra óformlega hagkerfinu;
- e) stefnumótun á sviði búferlaflutninga þar sem tekið er tillit til þarfa vinnumarkaðarins og stuðlað að mannsæmandi vinnu og réttindum farandlaunaþófks;
- f) stefnumótun um mennta- og færniþróun sem hlúir að símenntun, bregst við vaxandi þörfum vinnumarkaðarins og nýrri tækni og viðurkennir fyrra nám, til að mynda fyrir tilstuðlan óformlegra starfsþjálfunarkerfa, og fjölgar þannig starfsmöguleikum í formlega hagkerfinu;
- g) ráðstafanir um alhliða hvatningu, til að auðvelda ungmennum umskiptin frá námi til vinnu, sérstaklega þeim sem standa höllum fæti, svo sem uppbyggingu tryggingakerfa fyrir ungmanni sem veita aðgang að þjálfun og viðvarandi og skilvirkri atvinnu;
- h) ráðstafanir sem miða að því að auðvelda umskiptin frá atvinnuleysi eða aðgerðaleysi til atvinnu, einkum fyrir einstaklinga sem hafa búið við langvarandi atvinnuleysi, konur og aðra hópa sem standa höllum fæti og
- i) viðeigandi, aðgengileg og uppfærð upplýsingakerfi fyrir vinnumarkaðinn.

## V. Réttindi og félagsleg vernd

16. Aðilar ættu að gera ráðstafanir til að stuðla að mannsæmandi vinnu og virða, efla og innleiða grundvallarreglur og réttindi í atvinnulífinu í þágu þeirra sem starfa í óformlega hagkerfinu, nefnilega:

- a) félagafrelsi og virka viðurkenningu á réttinum til aðildar að kjarasamningum,
- b) afnám hvers konar nauðungar- og skylduvinnu;
- c) afnám vinnu barna og
- d) afnám misréttis með tilliti til atvinnu eða starfa.

17. Aðilar ættu:

- a) að gera tafarlausar ráðstafanir til að taka á hættulegum og óheilnæmum vinnuskilyrðum sem eru gjarnan fylgifiskur vinnu í óformlega hagkerfinu og
- b) að efla og hvetja til aukins öryggis og heilsuverndar hjá atvinnurekendum og launafólk í óformlega hagkerfinu.

18. Í tengslum við umskiptin til formlegs hagkerfis ættu aðilar að útvíkka í áföngum, að lögum og samkvæmt venju, gildissvið almannatrygginga, mæðraverndar, mannsæmandi vinnuskilyrða og lágmarkslauna svo það nái til alls launafólks í óformlega hagkerfinu, að teknu tilliti til þarfa launafólks og viðeigandi þátta, þ.m.t. en takmarkast ekki við framfærslukostnað og almennt launastig í landi þeirra.

19. Samhliða því að aðilar byggja upp og viðhalda lágmarksrétti til félagslegrar verndar á landsvísu innan almannatryggingakerfis síns, sem auðveldar þar með umskiptin yfir í formlega hagkerfið, ættu aðilar að huga sérstaklega að þörfum og aðstæðum einstaklinga í óformlega hagkerfinu og fjölskyldna þeirra.

20. Meðan umskiptin yfir í formlega hagkerfið standa yfir ættu aðilar að útvíkka í áföngum gildissvið almannatrygginga svo það nái til einstaklinga í óformlega hagkerfinu og, ef nauðsyn krefur, aðlaga stjórnsýslumeðferð, bætur og framlög að teknu tilliti til framlagsettu þeirra.

21. Aðilar ættu að sjá fyrir aðgengi að umönnun barna á viðráðanlegu verði ásamt annarri umönnunarþjónustu í því skyni að stuðla að jafnrétti kynjanna í frumkvöðlastarfsemi og atvinnutækifærum og auðvelda umskipti til formlegs hagkerfis.

## **VI. Hvatar, reglufylgni og framkvæmd**

22. Aðilar ættu að gera viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal með forvarnarráðstöfunum, löggæslu og markvissum viðurlögum, til að takast á við skattsvik og vangreiðslu tryggingagjalda og brot á vinnulöggjöf og -reglugerðum. Hvers kyns hvata ætti að tengja við að auðvelda skilvirk og snurðulaus umskipti frá óformlega hagkerfinu til hins formlega.
23. Aðilar ættu að draga úr, eftir því sem við á, hindrunum í vegi fyrir umskiptum til formlegs hagkerfis og gera ráðstafanir sem miða að því að draga úr spillingu og efla góða stjórnunarhætti.
24. Aðilar ættu að beita hvötum til að undirstrika kosti skilvirkra umskipta til formlegs hagkerfis, þ.m.t. bætt aðgengi að viðskipta- og fjármálaþjónustu, innviðum, mörkuðum, tækni, áætlunum um menntun og þjálfun og eignarrétt.
25. Að því er varðar móturn ramma í kringum örlitlar og litlar efnahagslegar einingar ættu aðilar:
- a) standa fyrir umbótum á innkomu í viðskipti með því að minnka skráningarkostnað og einfalda málsmeðferð með því að bæta aðgengi að þjónustu, t.d. með upplýsinga- og samskiptatækni;
  - b) að draga úr kostnaði í tengslum við reglufylgni með því að koma á einfölduðu skatta-, framlagsmats- og greiðslufyrirkomulagi;
  - c) að stuðla að aðgengi að opinberum innkaupum, í samræmi við innlenda löggjöf, þ.m.t. vinnulöggjöf, með ráðstöfunum svo sem aðlögun innkaupaferla, sjá fyrir þjálfun og ráðgjöf sem miðar að þáttoku í opinberum útboðum og halda til haga kvótum til þessara efnahagslegu eininga;
  - d) að bæta aðgengi að fjármálaþjónustu, svo sem lána- og eignaþjónustu, greiðslu- og tryggingaþjónustu, sparifjár- og tryggingakerfum sem eru sniðin að stærð og þörfum þessara efnahagslegu eininga;

- e) að bæta aðgang að frumkvöðlaþjálfun, færniþróun og sérsniðinni þjónustu á sviði viðskiptaþróunar og
- f) að bæta aðgengi að almannatryggjungum.

26. Aðilar ættu að koma á viðeigandi fyrirkomulagi eða endurskoða gildandi kerfi í því skyni að tryggja að farið sé að landslögum og -reglugerðum, þ.m.t. en ekki takmarkað við að tryggja viðurkenningu og fullnustu ráðningarsambands með það að markmiði að auðvelda umskipti yfir í formleg hagkerfi.

27. Aðilar ættu að hafa yfir að ráða fullnægjandi og viðeigandi skoðunarkerfi, færa út gildissvið vinnueftirlits til allra vinnustaða í óformlega hagkerfinu í því skyni að vernda starfsmenn og sjá eftirlitsaðilum fyrir leiðbeiningum, þ.m.t. hvernig á að fjalla um starfsskilyrði í óformlega hagkerfinu.

28. Aðilar ættu að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja skilvirkja upplýsingagjöf, aðstoða við að hlíta viðeigandi lögum og reglugerðum og byggja upp færni hjá gerendum sem málið varðar.

29. Aðilar ættu að koma á fót skilvirkri og aðgengilegri kæru- og áfrýjunarmálsmeðferð.

30. Aðilar ættu að kveða á um fyrirbyggjandi og viðeigandi ráðstafanir til úrbóta til að auðvelda umskipti yfir í formlegt hagkerfi og sjá til þess að viðurlög í stjórnsýslulögum, einkamálarétti eða refsiviðurlögum, sem kveðið er á um í landslögum fyrir vanefndir, séu fullnægjandi og framfylgt af festu.

## **VII. Félagafrelsi, samningaviðræður aðila vinnumarkaðarins og hlutverk samtaka atvinnurekenda og launafólks**

31. Aðilar ættu að tryggja að þeir sem starfa í óformlegu hagkerfi njóti félagafrelsис og réttar til aðildar að kjarasamningum, þ.m.t. réttar til að stofna og, með fyrirvara um reglur

viðkomandi samtaka, að gerast aðilar að samtökum, félögum og heildarsamtökum að eigin vali.

32. Aðilar ættu að skapa hvetjandi umhverfi fyrir atvinnurekendur og launafólk svo það geti notið réttar síns til aðildar að kjarasamningum og þátttöku í samningaviðræðum aðila vinnumarkaðarins þegar umskipti yfir í formlegt hagkerfi eiga sér stað.

33. Samtök atvinnurekenda og launafólks ættu, eftir því sem við á, að færa út möguleika á félagsaðild og þjónustu þannig að hún nái til launfólks og efnahagslegra eininga í óformlegu hagkerfi.

34. Við mörkun, framkvæmd og mat á stefnu og áætlunum sem hafa þýðingu fyrir óformlegt hagkerfi, þar á meðal formfesting þess, ættu aðilar að hafa samráð við og efla virka þátttöku í helstu samtökum atvinnurekenda og launafólks sem ætti að hafa í röðum sínum, samkvæmt landsvenju, fulltrúa félaga í samtökum launafólks og efnahagslegra eininga í óformlega hagkerfinu.

35. Aðilum og samtökum atvinnurekenda og launafólks er heimilt að leita aðstoðar alþjóðavinnnumálaskrifstofunnar til að styrkja getu samtaka fulltrúa atvinnurekenda og launafólks og, ef þau eru fyrir hendi, heildarsamtaka þeirra sem starfa í óformlega hagkerfinu, til að aðstoða launafólk og efnahagslegar einingar í óformlegu hagkerfi, með það fyrir augum að auðvelda umskipti yfir í formlegt hagkerfi.

## VIII. Gagnasöfnun og eftirlit

36. Aðilar ættu, í samráði við samtök atvinnurekenda og launafólks, með reglulegu millibili:

- a) að safna, greina og dreifa, ef unnt er og viðeigandi, tölfraðilegum gögnum sundurgreindum eftir kyni, aldri, vinnustað og öðrum sérstökum

félagshagfræðilegum einkennum hvað varðar stærð og samsetningu óformlegs hagkerfis, þar á meðal fjölda óformlegra efnahagslegra eininga, fjölda launamanna í starfi og atvinnugreina þeirra og

b) að fylgjast með og meta árangur í átt til formfestingar.

37. Við þróun eða endurskoðun á hugtökum, skilgreiningum og aðferðafræði, sem beitt er við samantekt gagna, hagtalna og hagvísa um óformlega hagkerfið, ættu aðilar að hafa hliðsjón af viðeigandi leiðbeiningum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, einkum, eftir því sem við á, ályktun um þróun hagtalna um óformlega hagkerfið sem samþykkt var á 17. alþjóðaráðstefnu tölfraðinga á sviði vinnumála árið 2003 sem og síðari uppfærslna þeirra.

## **IX. Framkvæmd**

38. Aðilar ættu að hrinda ákvæðum þessara tilmæla í framkvæmd, í samráði við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks sem ættu að hafa í röðum sínum, samkvæmt landsvenju, fulltrúa félaga í samtökum launafólks og efnahagslegum einingum í óformlega hagkerfinu, með einni af eftirtöldum leiðum eða samsetningu þeirra, eftir því sem við á:

- a) landslögum og -reglugerðum;
- b) kjarasamningum;
- c) stefnum og áætlunum;
- d) skilvirkri samræmingu milli stofnana og annarra hagsmunaaðila;
- e) uppbyggingu á færni innan stofnana og hreyfanleika mannafla og
- f) öðrum ráðstöfunum í samræmi við landslög og venjur.

39. Aðilar ættu að endurskoða reglulega, eins og við á, árangur stefnu og aðgerða til að auðvelda umskipti yfir í formlegt hagkerfi, í samráði við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks sem ættu að hafa í röðum sínum, samkvæmt landsvenju, fulltrúa félaga í samtökum launafólks og efnahagslegum einingum í óformlega hagkerfinu.

40. Við gerð, þróun, framkvæmd og reglulega endurskoðun ráðstafana, sem gerðar eru til að auðvelda umskipti yfir í formlegt hagkerfi, ættu aðilar að taka tillit til leiðbeininganna sem kveðið er á um í gerningum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna í viðaukanum og tengjast óformlega hagkerfinu.

41. Ekkert í þessum tilmælum skal túlka með þeim hætti að það dragi úr þeirri vernd til handa þeim sem starfa í óformlega hagkerfum sem þeir kunna að njóta samkvæmt ákvæðum annarra gerninga Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

42. Stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar getur endurskoðað viðaukann. Sérhver viðauki, sem þannig er endurskoðaður, skal samþykktur af stjórnarnefndinni og skal koma í stað fyrri viðauka og skal vera kynntur aðilum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

## **Viðauki**

Viðeigandi gerningar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna til að auðvelda breytinguna frá óformlegu hagkerfi til hins formlega.

### **Gerningar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar**

Grundvallarsamþykktir:

- Samþykkt um nauðungarvinnu, 1930 (nr. 29) og bókun frá 2014 við samþykkt um nauðungarvinnu, 1930.
- Samþykkt um félagafrelsi og verndun þess, 1948 (nr. 87).
- Samþykkt um beitingu grundvallarreglna um réttinn að stofna félög og semja sameiginlega, 1949 (nr. 98).
- Samþykkt um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, 1951 (nr. 100).
- Samþykkt um afnám nauðungarvinnu, 1957 (nr. 105).
- Samþykkt um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs, 1958 (nr. 111).
- Samþykkt um lágmarksaldur við vinnu, 1973 (nr. 138).

- Samþykkt um barnavinnu í sinni verstu mynd, 1999 (nr. 182).

Samþykktir um stjórnsýslu og stjórnunarhætti:

- Samþykkt um vinnueftirlit í iðnaði og verslun, 1947 (nr. 81).
- Samþykkt um stefnu í atvinnumálum, 1964 (nr. 122).
- Samþykkt um vinnueftirlit í landbúnaði, 1969 (nr. 129).
- Samþykkt varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála 1976 (nr. 144).

## Aðrir gerningar

### Félagafrelsi, almennir kjarasamningar og samskipti aðila vinnumarkaðarins

- Samþykkt um samtök launafólk í dreifbýli, 1975 (nr. 141).
- Samþykkt um almenna kjarasamninga, 1981 (nr. 154).

### Jöfn tækifæri og jafnræði

- Samþykkt um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, 1981 (nr. 156).

Stefna í atvinnumálum og kynning:

- Tilmæli um stefnu í atvinnumálum, 1964 (nr. 122).
- Samþykkt um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra, 1983 (nr. 159).
- Tilmæli um stefnu í atvinnumálum (viðbótarákvæði), 1984 (nr. 169).
- Samþykkt um einkareknar ráðningarskrifstofur, 1997 (nr. 181).
- Tilmæli um atvinnusköpun í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, 1998 (nr. 189).
- Tilmæli um efplingu samvinnufélaga, 2002 (nr. 193).
- Tilmæli um ráðningarsamband, 2006 (nr. 198).

### Starfsráðgjöf og -þjálfun

- Samþykkt um mannauðsþróun, 1975 (nr. 142).
- Tilmæli um mannauðsþróun, 2004 (nr. 195).

## **Laun**

- Samþykkt um vinnuskilmála (opinberir samningar), 1949, (nr. 94) og tilmæli um sama efni, 1949 (nr. 84).
- Samþykkt um ákvörðun lágmarkslauna, 1970 (nr. 131) og tilmæli um sama efni, 1970 (nr. 135).

## **Öryggi og heilbrigði við vinnu**

- Samþykkt um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, 1981 (nr. 155).
- Samþykkt um öryggi og heilbrigði í landbúnaði, 2001 (nr. 184) og tilmæli um sama efni, 2001 (nr. 192).
- Rammasamþykkt um að efla öryggi og heilbrigði við vinnu, 2006 (nr. 187).

## **Tryggingavernd**

- Samþykkt um félagslegt öryggi (lágmarksviðmiðun), 1952 (nr. 102).
- Tilmæli um lágmarksrétt til félagslegrar verndar, 2012 (nr. 202).

## **Mæðravernd**

- Samþykkt um mæðravernd, 2000 (nr. 183).

## **Farandlaunafólk**

- Samþykkt um búferlaflutninga í atvinnuskyni (endurskoðuð), 1949 (nr. 97).
- Samþykkt um farandverkafólk (viðbótarákvæði), 1975 (nr. 143).

## **HIV og alnæmi**

- Tilmæli um HIV og alnæmi (AIDS), 2010 (nr. 200).

## **Frumbyggjar og ættbálkasamfélög**

- Samþykkt um frumbyggja og ættbálka í sjálfstæðum ríkjum, 1989 (nr. 169).

### **Sérstakir flokkar launafólks**

- Samþykkt um heimastörf, 1996 (nr. 177).
- Samþykkt um heimastörf, 2011 (nr. 189) og tilmæli um sama efni, 2011 (nr. 201).

### **Ályktanir Alþjóðavinnumálaþingsins**

- Ályktun og niðurstaða um eflingu sjálfbærra fyrirtækja sem samþykkt var á 96. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2007.
- Ályktun og niðurstaða um vanda ungs fólks á vinnustöðum sem samþykkt var á 101. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2012.
- Ályktun og niðurstaða um síðari endurtekna umfjöllun um atvinnumál sem samþykkt var á 103. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2014.

### **Gerningar Sameinuðu þjóðanna**

- Almenna mannréttindayfirlýsingin, 1948.
- Alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, 1966.
- Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnjmálaleg réttindi, 1966.
- Alþjóðasamningur um verndun réttinda allra farandverkamanna og aðstandenda þeirra, 1990.

## Fylgiskjal II

Drög 17.02.2016.

### **Skýrsla um starf samstarfsnefndar um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á árinu 2015**

#### **1. Skipan nefndarinnar**

Árið 1981 fullgilti Ísland alþjóðasamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 144, um samstarf ríkisvalds og samtaka aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála. Á grundvelli tilmæla nr. 152 um framkvæmd samþykktarinnar var skipuð hinn 16. apríl 1982 samstarfsnefnd ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins til að fjalla um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina, venjulega nefnd ILO-nefndin. Samþykktin og tilmælin endurspeglar það sem skapar Alþjóðavinnumálastofnuninni sérstöðu meðal annarra sérstofnana Sameinuðu þjóðanna. Hún er eina stofnunin þar sem fulltrúar samtaka atvinnurekenda og launafólks eiga beina aðild að stjórnunum, nefndum og ráðum.

Á því tímabili sem þessi skýrsla tekur til hafa eftirtaldir skipað nefndina: Fulltrúi samtaka atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur Samtaka atvinnulífsins (SA). Varamaður hennar er Álfheiður Mjöll Sívertsen, lögmaður SA. Fulltrúi samtaka launafólks: Magnús M. Norðahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands. Varamaður hans er Mariánnna Traustadóttir, sérfræðingur ASÍ í jafnréttismálum. Fulltrúi félags- og húsnæðismálaráðherra og jafnframta formaður nefndarinnar er Gylfi Kristinsson, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu. Varamaður hans var Helga María Pétursdóttir, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu. Eva Margrét Kristinsdóttir, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu, tók sæti Helgu Maríu 12. mars 2015.

Félags- og húsnæðismálaráðherra ákvað að bjóða Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneytinu að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í nefndinni. Hinn 22. október 2013 skipaði ráðherra Sonju Ýr Þorbergsdóttir sem áheyrnarfulltrúa BSRB. Varamaður hennar er Kristinn Bjarnason. Sameiginlegur áheyrnarfulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneytisins var skipaður Atli Atlason. Varamaður hans er Kistrún Einarsdóttir.

Verkefni nefndarinnar beinast fyrst og fremst að málefnum sem tengjast samskiptum Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina vegna aðildar að stofnuninni.

Árið 2015 hélt nefndin two fundi og fjóra árið 2014. Helstu viðfangsefni nefndarinnar voru eftifarandi:

#### **2. Skýrslur um framkvæmd**

Í 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er kveðið á um þá skyldu aðildarríkja að gefa stofnuninni skýrslu um framkvæmd alþjóðasamþykkta sem þau hafa fullgilt. Skýrslur skulu tekna saman á tveggja ára fresti um framkvæmd á grundvallar-samþykktunum en yfirleitt eru skýrslutímabilin fjögur ár að því er varðar aðrar samþykktir

ILO. Þessu til viðbótar er ákvæði í 19. gr. Stofnskráinnar sem heimilar stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að óska eftir því við aðildarríkin að þau gefi skýrslu um framkvæmd á samþykktum sem þau hafa ekki fullgilt. Þessari heimild er beitt reglulega og er tilgangurinn að vekja athygli á umræddri samþykkt og hvetja aðildarríkin til að taka fullgildingu hennar til athugunar. Umfang skýrslnanna er mjög mismunandi. Í sumum tilvikum er nægilegt að vísa til fyri skýrslna. Í öðrum tilvikum er um að ræða margra síðna skýrslur, einkum ef sérfræðinganeftnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur beint spurningum til stjórnvalda um tiltekin atriði.

Á skýrslutímabilinu undirbjó ILO-nefndin skýrslu ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftifarandi alþjóðasamþykkt sem Ísland hefur fullgilt:

- a. Nr. 2, um ráðstafanir gegn atvinnuleysi (17. febrúar 1958).
- b. Nr. 29, um nauðungarvinnu eða skylduvinnu (17. febrúar 1958).
- c. Nr. 105, um afnám nauðungarvinnu (29. nóvember 1960).
- d. Nr. 138, um lágmarksaldur til vinnu (6. desember 1999).
- e. Nr. 139, um varnir gegn og eftirlit með krabbameinsvaldandi efnim (21. júní 1991).
- f. Nr. 144, varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála (30. júní 1981).
- g. Nr. 147, um lágmarkskröfur á kaupskipum (11. maí 1999).
- h. Nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi (21. júní 1991).
- i. Nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra (22. júní 1990).
- j. Nr. 182, um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausar aðgerðir til að afnema hana (22. júní 2000).

*a. Skýrslur um framkvæmd ófullgiltr samþykktu.*

Á árinu 2015 ákvað stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar að óska eftir skýrslum frá aðildarríkjunum um framkvæmd samþykktu sem þau hafa ekki fullgilt á sviði vinnumála. Markmiðið með skýrslugjöfinni er að ríkin beri saman lagauhmverfið við efni samþykktanna og leggi mat á það hvort breyttar aðstæður greiði fyrir fullgildingu þeirra. Enn fremur að kalla eftir ábendingum um atriði sem hindra að hlutaðeigandi samþykkt sé fullgilt. Um var að ræða eftirtaldar samþykktir: Nr. 187, um að efla öryggi og heilbrigði við vinnu frá árinu 2006 auk tilmæla nr. 197 um sama efni, nr. 167, um öryggi og hollustuhætti í byggingariðnaði frá árinu 1988 auk tilmæla nr. 174 um sama efni, nr. 176, um öryggi og hollustuhætti í nánum frá árinu 1995 auk tilmæla nr. 183 um sama efni og nr. 184, um öryggi og hollustu í landbúnaði frá árinu 2001 auk tilmæla nr. 192 um sama efni. Á vegum Vinnueftirlits ríkisins voru tekin saman drög að skýrslu um framkvæmd framangreindra samþykktu sem tekin var til umfjöllunar í ILO-nefndinni. Ekki komu fram nein atriði sem eru því til fyrirstöðu að samþykktirnar verði fullgiltar. Nefndinni hefur verið falið að halda áfram umfjöllun um hugsanlega fullgildingu íslenskra stjórnvalda á samþykktunum...

### **3. Undirbúninngur fyrir og þátttaka í 104. Alþjóðavinnumálapeingið 2015**

Á því tímabili sem þessi skýrsla tekur til var 104. Alþjóðavinnumálapeingið haldið dagana 1. til 13. júní árið 2015. ILO-nefndin fjallaði um þau málefni sem voru til umfjöllunar á

þinginu. Að afloknu vinnumálaþingi fór nefndin yfir helstu niðurstöður þess. Eftirfarandi var meðal þess sem kom fram:

*Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkt og tilmæla.*

Undanfarin þrjú ár hefur gengið á ýmsu í starfi þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkt og tilmæla. Þar skiptir mestu ágreiningurinn um túlkun samþykktar ILO nr. 87, um félagafrelsi, að því er varðar réttinn til að fara í verkfall. Við upphaf þingsins ríkti nokkur spenna í loftinu varðandi það hvort samkomulag aðila vinnumarkaðarins frá febrúar 2015 um starf nefndarinnar myndi halda. Skrá yfir mál sem tekin yrðu fyrir í þingnefndinni kom fram á tilsettum tíma. Almennar umræður um skýrslu sérfræðinganefndarinnar um framkvæmd aðildarríkjanna á fullgiltum samþykktum voru stuttar. Talsmenn atvinnurekenda og launafólks héldu hvorir um sig efnismiklar framsöguræður þar sem m.a. kom fram að aðilar voru sammála um að vera ósammála um túlkun á samþykkt 87 en málamiðlun hafði tekist sem felst m.a. í því að eftirlitskerfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar með framkvæmd alþjóðasamþykkt verður tekið til endurskoðunar. Athygli vakti að einungis fulltrúar tveggja ríkisstjórna, Belgíu og Frakklands, tóku til máls undir þessum dagskrárið. Eftir almennar umræður fór fram umræða um framkvæmd á samþykktum sem lúta að félagslegum réttindum landbúnaðarverkafólks. Þær umræður voru einnig stuttar. Umræður um framkvæmd einstakra ríkja á alþjóðasamþykktum tók mestan tíma nefndarinnar. Samtals fjallar nefndin um 24 mál sem aðilar vinnumarkaðarins semja um að taka fyrir í nefndinni. Málin eru jafn ólík og samþykktir ILO. Þau geta snúist um ófullnægjandi fjölda vinnueftirlitsmanna, skort á stefnumótun í vinnumálum, óviðunandi aðbúnaði á vinnustöðum o.fl. Þau mál sem vekja athygli og jafnframt óhug snúast um framkvæmd á alþjóðasamþykktum 87, um félagafrelsi, og 98, um samningafrelsi, ekki síst þar sem morð á forystumönnum samtaka launafólks koma við sögu. Í því tilliti virðist ástandið í Kólumbíu vera verst. Aðbúnaður erlendra verkamanna í Katar og framkvæmd á samþykkt nr. 29, um afnám nauðungarvinnu, kallaði á miklar umræður í nefndinni. Fulltrúi ríkisstjórna Norðurlanda tók þátt í þeim umræðum og var skorað á stjórnvöld þar í landi að bæta aðstæður þessa hóps.

*Fjárhagsnefndin.*

Fyrir þinginu lá að afgreiða fjárhags- og starfsáætlun til næstu tveggja ára, þ.e. 2016–2017. Tillagan er fyrst tekin til athugunar og umræðu í fjárhagsnefnd þingsins sem eingöngu er skipuð fulltrúum ríkisstjórna. Andi sáttá og samlyndis sveif yfir vötnunum í nefndinni. Það hefur ekki alltaf verið tilfellið. Einhugur var um að mæla með samþykkt fjárhags- og starfsáætlunarinnar. Einnig samþykkti nefndin að mæla með því að Úzbekistan héldi atkvæðisrétti sínum á þinginu þrátt fyrir drátt á greiðslu árgjalds en samkomulag lá fyrir á milli ríkisstjórnar landsins og forsvarsmanna alþjóðavinnumála-skrifstofunnar um tilhögun á greiðslu skuldarinnar. Samtals er gert ráð fyrir að heildarútgjöld stofnunarinnar á tveggja ára tímabilinu verði tæplega 800 milljónir Bandaríkjadalra. Framlag Íslands er 0,027 hundraðshlutar af útgjöldunum. Samkvæmt því ættu íslensk stjórnvöld að greiða 102.265 svissneska franka á árinu 2016. Skilvís greiðsla árgjaldsins á árinu 2015 skilar 39.000 svissneskum frönkum í bónus þannig að árgjaldið verður 102.219 svissneskir frankar.

*Tilmæli um aðgerðir til að gera óformlega hagkerfið að formlegu.*

Fulltrúar á 104. Alþjóðavinnumálapingenu samþykktu nær einróma tilmæli til aðildarríkjanna um aðgerðir til að gera óformlega hagkerfið að formlegu. Gert er ráð fyrir að tilmæli geti komið fjölda einstaklinga og efnahagslegra eininga að gagni við að verða hluti af formlegu hagkerfi og njóta þeirra réttinda sem því fylgir en einnig að gangast við skyldum sem af því leiðir. Rétt er að minna á að samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnumála-stofnunarinnar ber að kynna tilmæli fyrir lögjafarsamkomu aðildarríkis.

*Pingsályktun um smá og meðalstór fyrirtæki.*

Á dagskrá þingsins var gildi smárra og meðalstórra fyrirtækja fyrir atvinnusköpun og fjölgun starfa. Um þetta efni var fjallað í einni af nefndum þingsins. Hún afgreiddi tillögu til allsherjarþingsins þar sem m.a. kemur fram:

- Að tveir þriðju allra nýrra starfa í heiminum verði til í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Vel ígrunduð stefna í málefnum þessara fyrirtækja skapar fleiri og betri störf og er til þess fallin að stuðla að sjálfbærum hagvexti. Stefna í málefnum þessara fyrirtækja þarf að taka mið af því að þau eru innbyrðis ólík að því er varðar starfsemi, stærð og vaxtarmöguleika.
- Að aðgerðir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í framtíðinni í málefnum þessara fyrirtækja eigi að beinast að leiðbeiningum til frumkvööla, aðgangi að fjármagni, jákvæðu starfsumhverfi fyrirtækjanna, bættri framleiðni, vinnuaðstæðum og samstarfi fyrirtækja.
- Alþjóðavinnumálastofnunin eigi einnig að beita sér meira fyrir því að þessi fyrirtæki verði hluti að formlega efnahagskerfinu.

*Félagsleg vernd vinnandi fólks.*

Í samræmi við yfirlýsingu Alþjóðavinnumálapingsins árið 2008 um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna alþjóðavæðingu var fjallað í einni af nefndum þingsins um félagslega vernd vinnandi fólks. Í umræðum í nefndinni kom m.a. fram að vart hafi orðið umbóta á þessu sviði í aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Á hinn bóginn séu þeir alltof margir sem ekki hafi notið umbóta á þessu sviði. Ástæðan getur verið sú að gildissvið laga taki ekki til þeirra, lagaframkvæmd sé ófullkomin eða verndin ófullnægjandi.

Nefndin telur brýnt að lög, reglugerðir og stofnanir sem fjalla um félagslega vernd vinnandi fólks taki mið af breytingum sem eigi sér stað í atvinnulífum. Reglusetning á þessu sviði að því er varðar laun, vinnutíma, aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum sem og fæðingarorlof gegni hér lykilhlutverki.

Nefndin leggur áherslu á að jafnrétti kynjanna og félagsleg vernd taki til allra launamanna. Sama gildi um samskipti aðila vinnumarkaðarins og samningaviðræður um kaup og kjör sem lið í að bæta félagslegt öryggiskerfi vinnandi fólks.

Þingnefndin taldi aðgerða þörf á eftirtöldum sviðum: vinnutíma og jafnvægi á milli fjölskyldu- og einkalífs, aukinnar félagslegrar verndar í smáum og meðalstórum fyrirtækjum, virkrar verndar starfsmanna í óhefðbundnum störfum, andlegs álags og eineltis á

vinnustöðum sem rekja má til breytinga á vinnuskipulagi. Einnig megi stuðla að eflingu félagslegrar verndar með ábyrgum vinnubrögðum við opinber útboð.

Tillaga nefndarinnar að þingsályktun, sem m.a. Magnús M. Norðahl hafði tekið þátt í að semja, var samþykkt einróma af allsherjarþingi Alþjóðavinnumálapingsins.

*Aðrir fundir og gestir Alþjóðavinnumálapingsins.*

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf býður einstaklingum sem hafa tekið frumkvæði á sviði félags- og vinnumála eða eru þjóðarleiðtogar að ávarpa Alþjóðavinnumálapingið. Forstjórinn bauð að þessu sinni þemur gestum að koma til þingsins.

Fyrstur til að ávarpa þingið var Indverjinn Kailash Satyarthi sem hlaut friðarverðlaun Nobels árið 2014 fyrir baráttu sína gegn vinnu barna og fyrir því að þeim séu skapaðar aðstæður til að sækja skóla og afla sér menntunar. Kailash flutti bæði ræðu á allsherjarþingi vinnumálapingsins og tók einnig þátt í pallborðsumræðum á degi gegn barnavinnu sem haldinn var 11. júní 2015.

Forseti Frakklands, Francois Holland, flutti ræðu á allsherjarþingi Alþjóðavinnumálapingsins síðdegis sama dag, þ.e. 11. júní. Frakklandsforseti kom við í ávarpi sínu og fór vel fram yfir áætlaðan ræðutíma. Kjarni ræðunnar fólst í að hvetja til þríhliða samvinnu ríkisvalds, atvinnurekenda og launafólks um að takast á við loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á atvinnulífið. Hann gerði að umtalsefni væntanlega ráðstefnu um þetta efni sem haldin yrði í París haustið 2015. Mikill áhugi var á erindi forsetans og er talið að um 4000 þingfulltrúar frá 185 aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafi hlustað á boðskap hans.

Þriðji gestur forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf var forseti Panama, Juan Carlos Varela. Á níunda áratug síðustu aldar réði ríkjum í Panama illræmd herforingjastjórn undir forsæti herforingjans Manuel Antonio Noriega. Sú stjórn var hrakin frá völdum með aðstoð Bandaríkjamanna. Það hefur verið harðsótt að endurreisa fjárhag þjóðarinnar eftir þennan ömurlega stjórnartíma svo að ekki sé minnst á endurbætur á dómistólum, réttarfari og almennum lýðréttindum. Álit þeirra sem til þekkja er að Juan Corlos Varela hafi lyft Grettistaki í þessum efnum og komið þjóð sinni aftur á spor vaxtar og velmegunar. Forseta Panama mæltist vel á Alþjóðavinnumálapinginu. Hann og kona hans, ásamt m.a. Kailash Satyarthi, tóku þátt í hliðarfundi í tengslum við Alþjóðavinnumálapingið sem helgaður var baráttu gegn barnaþrælkun. Á þeim fundi var tilkynnt að Níger hafi fyrst allra þjóða fullgilt nýlega bókun við alþjóðasamþykkt nr. 29, um afnám nauðungarvinnu.

Annar hliðarfundur í tengslum við Alþjóðavinnumálapingið var helgaður bættri réttarstöðu farandverkafólks og aðgerðum til að fylga fullgildingum á samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem fjalla um málefni þeirra. Auk forstjóra ILO, Guy Ryder, tóku þátt í pallborðsumræðum um þetta efni Cesilia Rebong, sendiherra Filipseyja, Jean Marie-Marie Ehouszou, sendiherra Sambands Afríkuríkja, Peter Sørensen, sendiherra Evrópusambandsins, og Volker Türk, Flóttamannaráði Sameinuðu þjóðanna.

Nefndarmenn voru sammála um að störf 104. Alþjóðavinnumálapings hafi gengið greiðlega fyrir sig. Prátt fyrir að þingið hafi verið stytt um hálfu viku tókst að ljúka afgreiðslu allra þeirra mála sem voru á dagskrá. Það hafi kallaði á lengri daglegan fundartíma í nokkrum nefndum sem á stundum var umfram það sem boðlegt getur talist.

Sérstök ánægja var með það að starf þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykka gekk snurðulaust fyrir sig að þessu sinni.

#### **4. Fullgilding alþjóðasamþykktakta**

##### ***Samþykktir nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna***

ILO-nefndin hefur á undanförnum árum haldið fundi með hagsmunaaðilum um hugsanlega fullgildingu Íslands á tveimur samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem fjalla um málefni sjómanna. Um er að ræða samþykkt ILO nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna, frá árinu 2006, og samþykkt nr. 188, um vinnu við fiskveiðar, frá árinu 2008. Nefndin hélt fund 22. október 2007 um samþykkt nr. 186. Á þeim fundi var fjallað um greinargerð sem Haraldur Steinþórsson hafði tekið saman fyrir Siglingastofnun. Í greinargerðinni eru ákvæði samþykktarinnar borin saman við íslensk lög og reglugerðir. Á fundinum komu fram ábendingar um atriði sem þyrfti að kanna betur, t.d. læknisvottorð. Nefndin hélt fund 23. október 2008 með sömu hagsmunaaðilum. Á þeim fundi var farið yfir bæði samþykkt nr. 186 og nr. 188, um vinnu við fiskveiðar. Á fundinum var farið yfir greinargerð Siglingastofnunar um samanburð á íslenskum rétti og ákvæðum samþykktar nr. 188. Í niðurstöðum greinargerðarinnar kemur fram að þegar á heildina er litið sé réttarvernd þeirra fiskimanna sem starfa á skipum undir íslenskum fána til fyrrmyndar. Ekki sé nauðsyn á miklum breytingum á íslenskum lögum og reglugerðum til að bæta úr þeim tilvikum þar sem samþykktin gerir ríkari kröfur. Á fundinum voru lögð fram ljósrit úr skýrslum félagsmálaráðherra til Alþingis þar sem gerð var grein fyrir umfjöllun ILO-nefndarinnar um samþykktir nr. 186 og 188.

Nefndin hélt fund með hagsmunaaðilum í samvinnu við innanríkisráðuneytið, sem fer með málefni sem lúta að aðbúnaði og öryggi sjómanna, og Siglingastofnun þann 27. maí 2013. Á þeim fundi var samþykkt að halda áfram umræðum og athugunum á hugsanlegri fullgildingu Íslands á samþykktum nr. 186 og 188. Ákveðið var að mælast til þess að innanríkisráðuneytið leiði vinnuhóp sem fjalli um málið enda fari það ráðuneyti með málefni sjómanna og verklag verði hliðstætt og þegar farið var yfir hugsanlega fullgildingu samþykktar nr. 185, um persónuskírteini sjómanna. Þó með þeirri breytingu að hagsmunaaðilar eigi fulltrúa í vinnuhópnum auk velferðarráðuneytisins (félagsmálaráðuneytisins) þar sem það ráðuneyti fari með samskiptin við Alþjóðavinnumálastofnunina. Markmiðið er að vinnuhópurinn skili innanríkisráðherra minnisblaði um hugsanlega fullgildingu íslenskra stjórnvalda á samþykktum nr. 186 og 188. Minnisblaðið verði einnig lagt fyrir félags- og húsnæðismálaráðherra. Innanríkisráðuneytið boðaði til fyrsta fundar um málið 5. nóvember 2013. Vinnuhópur innanríkisráðuneytisins hefur haldið þrjá fundi og ekki lokið störfum. ILO-nefndin hefur fylgst með störfum hans.

##### ***Bókun við samþykkt nr. 29, um afnám nauðungarvinnu***

Bókun við samþykkt ILO nr. 29, um afnám nauðungarvinnu eða skylduvinnu, var afgreidd á 103. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2014. Í bókuninni er m.a. fjallað um aðgerðir gegn mansali. Mansalmál heyra undir verksvið innanríkisráðuneytisins. Óskað var umsagnar ráðuneytisins um það hvort Ísland ætti að fullgilda bókunina með bréfi, dags. 16. desember 2014. Þess var farið á leit að svar við bréfinu bærist helst ekki síðar en 14. janúar

2015. Ósk velferðarráðuneytisins um umsögn var ítrekuð með tölvubréfi 7. október 2015 og aftur 1. desember 2015. Svar hefur ekki borist.

## **5. Skýrsla velferðarráðherra til Alþingis um 102. og 103. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf**

Aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni fylgir sú skylda að kynna löggjafarsamkomu þær samþykktir sem Alþjóðavinnumálaþingin afgreiða. Á Íslandi er þetta ákvæði uppfyllt með þeim hætti að félags- og húsnæðismálaráðherra, velferðarráðherra á þeim tíma sem þessi skýrsla tekur til, gefur Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnumálaþingin. Í skýrslunum eru birtar, í íslenskri þýðingu, þær samþykktir, tilmæli og ályktanir sem þingin afgreiða. Á árinu 2015 var haft samráð við ILO-nefndina um skýrslur velferðarráðherra um Alþjóðavinnumálaþingin sem haldin voru á árunum 2013–2014. Skýrslan var lögð fyrir Alþingi 1. júní 2015.

Eitt helsta viðfangsefni 103. þingsins árið 2014 var að fjalla um frekari aðgerðir til að vinna gegn nauðungarvinnu sem hefur tekið á sig nýja og breytta mynd í tímans rás frá því Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi samþykkt nr. 29 um þetta efni árið 1930. Afgreidd var bókun við samþykktina. Kjarni bókunarinnar kemur fram í fyrstu þremur greinum hennar. Þar er m.a. kveðið á um skyldu aðildarríkis til að grípa til virkra ráðstafana til að koma í veg fyrir nauðungarvinnu eða skylduvinnu og að veita fórnarlömbum vernd og aðgang að viðeigandi og skilvirkum úrræðum, svo sem bótum, og að þeir sem standa fyrir nauðungarvinnu eða skylduvinnu sæti viðurlögum. Einnig er kveðið á um skyldu aðildarríkis til að móta stefnu og áætlun á landsvísu um skilvirk og viðvarandi afnám nauðungarvinnu eða skylduvinnu í samráði við samtök atvinnurekenda og launafólks. Stefnan skal felast í kerfisbundnum aðgerðum af hálfu lögbærra stjórnvalda og, eins og við á, í samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks, auk annarra hópa sem málið varðar. Gildissvið samþykktar nr. 29 er áréttáð en jafnframt tekið fram að ráðstafanir sem grípa skal til skulu einnig fela í sér sérstakar aðgerðir gegn mansali í tengslum við nauðungarvinnu eða skylduvinnu.

Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi breytingar á samþykkt nr. 186, um vinnuskilyrði farmannna, sem fela í sér skyldu skipstjórnarmanns til að hafa til reiðu um borð í skipi vottorð sem staðfesta fjárhagslega getu til að standa straum af kostnaði við að aðstoða skipverja sem lenda í áföllum, t.d. vegna slysa eða veikinda.

## **6. Tilmæli Norðurlandaráðs til fyrirtækja með starfssemi í Bangladess**

Fyrir ILO-nefndina var lagt erindi sem velferðarráðuneytinu barst frá Norðurlandaskrifstofu utanríkisráðuneytisins 8. apríl 2015. Erindið fjallaði um framkvæmd stjórnvalda á tilmælum Norðurlandaráðs um að kynna fyrir norrænum fyrirtækjum, sem eru með starfssemi í Bangladess, samning um brunavarnir og öryggi bygginga í landinu. Einnig um að vekja athygli á eftirtoldum samþykktum ILO: 29, 87, 98, 100, 111, 138 og 182. Í raun var um að ræða framsendingu frá dönsku utanríkisþjónustunni þar sem óskað var eftir upplýsingum um það hvað íslensk stjórnvöld hafi gert með tilmælin.

Tilmæli Norðurlandaráðs voru tekin til umfjöllunar og þess óskað að þeim verði komið á framfæri við hlutaðeigandi aðila. Á fundinum kom fram að a.m.k. tvö íslensk fyrirtæki voru með starfssemi í Bangladess.

## **7. Athugasemdir sérfræðinganeftndar ILO við framkvæmd á fullgiltum alþjóðasamþykktum**

Velferðarráðuneytinu bárust með bréfi frá alþjóðavinnumálaskrifstofunni, dags. 27. mars 2015, athugasemdir sem sérfræðinganeftnd ILO gerir við framkvæmd fullgiltra alþjóðasamþykktta. Athugasemdirnar byggjast á skýrslum um framkvæmd Íslands á samþykktunum sem sendar voru á árinu 2014. Athugasemdirnar voru kynntar nefndinni. Samandregið eru þær eftirfarandi:

*a. Nr. 81, um vinnueftirlit í iðnaði og verslun.*

Um er að ræða athugasemdir við fyrstu skýrslu Íslands um framkvæmd samþykktarinnar. Sérfræðingarnir óska eftir margvíslegum nánari upplýsingum um einstök atriði, t.d. um vinnuaðstæður eftirlitsmanna vinnueftirlitsins. Einnig er óskað eftir ýmsum tölulegum upplýsingum. Athugasemdunum hefur verið komið á framfæri við Vinnueftirlit ríkisins.

*b. Nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess.*

Sérfræðingarnir segjast taka eftir athugasemduum Alþjóðasambands atvinnurekenda og fylgiskjals með skýrslunni sem hefur að geyma greinargerð Alþýðusambands Íslands vegna setningar laga nr. 24/2014, um frestun verkfalls um borð í ms. Herjólfí til 15. september 2015. Sérfræðingarnir taka fram að þeir vænti þess að íslensk stjórnvöld virði í framtíðinni grundvallarréttindi sem samþykkt nr. 87 verndar.

*c. Nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.*

Sérfræðinganeftndin gerir margvíslegar athugasemdir við framkvæmd Íslands á samþykktinni og gerir að umfjöllunarefni aðgerðir til að koma á launajafnrétti karla og kvenna. Nefndin óskar eftir upplýsingum um framkvæmd á ýmsum verkefnum sem þessu tengjast. Athugasemdunum hefur verið komið á framfæri við Jafnréttisstofu.

*c. Nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs.*

Sérfræðinganeftndin gerir með svipuðum hætti og við samþykkt nr. 100 fjölmargar athugasemdir við framkvæmd Íslands á samþykkt nr. 111. Hún lætur m.a. í ljósi von um að ríkisstjórnin beiti sér fyrir nauðsynlegum aðgerðum til að vinna gegn hvers kyns mismunun sem samþykktin tekur til. Athugasemdum sérfræðinganna hefur verið komið á framfæri við Jafnréttisstofu.

*d. Nr. 122, um stefnu í atvinnumálum.*

Fram kemur að sérfræðingarnir hafi tekið eftir ítarlegum upplýsingum um framvinduna á íslenskum vinnumarkaði í síðustu skýrslu um framkvæmd samþykktarinnar. Þeir óska eftir áframhaldandi upplýsingum um virkar vinnumarkaðsaðgerðir og aðgerðir í þágu þeirra sem hafa verið atvinnulausir um lengri tíma. Athugasemdum sérfræðinganna hefur verið komið á framfæri við Vinnumálastofnun.

*e. Nr. 129, um vinnueftirlit í landbúnaði.*

Athugasemdir sérfræðinganna taka til fyrstu skýrslu um framkvæmd samþykktarinnar. Þeir óska m.a. eftir gögnum frá stjórnvöldum um að fjöldi vinnueftirlitsmanna í landbúnaði sé fullnægjandi. Einnig um það hvort vinnueftirlitsmenn í landbúnaði fá nægilega fræðslu um aðstæður í landbúnaði og um efnanotkun í þeirri atvinnugrein. Athugasemdunum hefur verið komið á framfæri við Vinnueftirlit ríkisins.

*d. Nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu:  
Starfsfólk með fjölskylduábyrgð.*

Sérfræðinganeftindin óskar eftir upplýsingum um aðgerðir í þágu starfsfólks með fjölskylduábyrgð og framkvæmd á ætlunum á þessu sviði. Um er að ræða athugasemdir sem bárust velferðarráðuneytinu fyrir árið 2014. Þeim hefur verið komið á framfæri við hlutaðeigandi skrifstofu ráðuneytisins.

### **8. Aldarafmæli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 2019**

ILO-neftindin hefur fjallað um undirbúning fyrir 100 ára afmæli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 2019. Stofnunin hefur að þessu tilefni hleypt af stokkunum verkefni sem beinist að eftirfarandi þáttum:

- þróun atvinnulífsins og samfélagsins,
- atvinnusköpun - einnig í þágu þeirra sem standa höllum fæti á vinnumarkaði,
- breytingum á skipulagi vinnunnar vegna nýrrar tækni og
- tengslum atvinnurekenda og launafólks, réttindum og skyldum, formi á reglugesetningu o.fl.

Ríkisstjórnir aldarríkjanna hafa, í samstarfi við samtök aðila vinnumarkaðarins og annarra hlutaðeigandi samtaka, verið hvattar til þess með bréfi frá forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf að efna innanlands til umræðna um framangreinda þætti. Þær umræður geti síðan orðið innlegg í umfjöllun á alþjóðavinnumálajöfinginu á afmælisárinu 2019.

Hlutaðeigandi norræn ráðuneyti hafa ákveðið að vinna sameiginlega að þeim verkefnum sem fjallað er um í bréfi forstjórans. Norræna samstarfsverkefnið miðar að því að draga saman efni úr norrænum rannsóknum og setja það í búning sem geti orðið Alþjóðavinnumálastofnuninni og aðildarríkjum hennar að liði við framtíðarstefnumótun í félags- og vinnumálum. Hugmyndin er sú að taka árlega fyrir eitt viðfangsefni til rannsóknar og niðurstöðurnar kynntar á árlegri ráðstefnu sem haldin yrði sem liður í formennskuáætlun hlutaðeigandi ríkis í norrænu ráðherranefndinni. Samkvæmt þessu verður fyrsta ráðstefnan haldin í haust í Finnlandi, sú næsta í Noregi árið 2017 og svo í Svíþjóð árið 2018. Lokaráðstefnan yrði síðan haldin á Íslandi fyrri hluta árs 2019.

## Fylgiskjal III

### Samþykktir Alþjóðavinnumálaþingsins 1919–2015

Hér á eftir fer skrá yfir alþjóðasamþykktir sem hafa verið afgreiddar á Alþjóðavinnumálaþinginu árin 1919–2015. Athygli er vakin á athugasemendum aftanmáls við nokkrar af samþykktunum. Fjöldi fullgildinga kemur fram í seinni sviganum.

Nr. Heiti samþykktar:

1. Samþykkt um takmörkun á vinnutíma í iðnaði við 8 stundir á dag og 48 stundir á viku (1919) (52).
2. Samþykkt um ráðstafanir gegn atvinnuleysi (1919) (57).
3. Samþykkt um vinnu kvenna fyrir og eftir barnsburð (1919)<sup>2)</sup> (34).
4. Samþykkt um næturvinnu kvenna (1919)<sup>2)5</sup> (58).
5. Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs barna við iðnaðarstörf (1919)<sup>5</sup> (72).
6. Samþykkt um næturvinnu unglings í iðnaði (1919)<sup>2</sup> (59).
7. Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs barna við sjómennsku (1920)<sup>5</sup> (53).
8. Samþykkt um bætur fyrir vinnutjón af völdum skipbrots (1920) (60).
9. Samþykkt um ráðningu sjómanna í skiprúm (1920)<sup>5</sup> (41).
10. Samþykkt um lágmarksaldur barna við landbúnaðarstörf (1921)<sup>5</sup> (55).
11. Samþykkt um rétt landbúnaðarfólks til að bindast samtökum og stofna félög (1921) (122).
12. Samþykkt um slysatryggingar landbúnaðarverkafólks (1921)<sup>2</sup> (77).
13. Samþykkt um notkun blýhvítu í málningu (1921) (63).
14. Samþykkt um vikulega hvíldardaga í iðnaði (1921) (119).
15. Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs unglings við kyndara- og kolamokarastörf (1921)<sup>2)5</sup> (69).
16. Samþykkt um skylduskoðun læknis á börnum og unglungum við sjómennsku (1921) (82).
17. Samþykkt um slysatryggingu verkamanna (1925)<sup>5</sup> (74).
18. Samþykkt um bætur til verkamanna vegna atvinnusjúkdóma (1925)<sup>5</sup> (68).
19. Samþykkt um jafnan rétt innlendra og erlendra verkamanna til slysabóta (1925) (121).
20. Samþykkt um næturvinnu í brauðgerðarhúsum (1925)<sup>5</sup> (17).
21. Samþykkt um að gera einfaldara eftirlitið með útflytjendum um borð í skipum (1926)<sup>5</sup> (33).
22. Samþykkt um skiprúmssamninga sjómanna (1926) (60).
23. Samþykkt um heimsendingu sjómanna (1926)<sup>5</sup> (47).
24. Samþykkt um sjúkratryggingu iðnaðarfólks, verzlunarfólks og heimilishjúa (1927)<sup>5</sup> (29).
25. Samþykkt um sjúkratryggingar landbúnaðarverkafólks (1927)<sup>5</sup> (21).
26. Samþykkt um aðferðir til að ákveða lágmarksalaun (1928) (104).
27. Samþykkt um að þyngd skuli letruð á þunga hluti, sem fluttir eru með skipum (1929) (66).

28. Samþykkt um slysavarnir hafnarverkamanna (1929)<sup>2</sup> (4).
29. Samþykkt um nauðungarvinnu eða skylduvinnu (1930) (175).
30. Samþykkt um eftirlit með vinnutíma við verzlun og skrifstofustörf (1930) (30).
31. Samþykkt um takmörkun vinnutíma í kolanánum (1931)<sup>5</sup> (2).
32. Samþykkt um slysavarnir hafnarverkamanna (endurskoðuð 1932)<sup>3</sup> (46).
33. Samþykkt um lágmarksaldur barna við önnur störf en iðnað (1932)<sup>5</sup> (25).
34. Samþykkt um vinnumiðlunarskrifstofur sem taka greiðslur fyrir störf sín (1933)<sup>3)5</sup> (11).
35. Samþykkt um skyldutryggingar fólks, sem vinnur við iðnaðar- eða verzlunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o.fl. (1933)<sup>3)5</sup> (11).
36. Samþykkt um skylduelltryggingar landbúnaðarverkafólks (1933)<sup>3)5</sup> (10).
37. Samþykkt um skylduörorkutryggingar fólks, sem vinnur við iðnaðar- eða verslunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o.fl. (1933)<sup>3)5</sup> (11).
38. Samþykkt um skylduörorkutryggingar landbúnaðarverkafólks (1933)<sup>3)5</sup> (10).
39. Samþykkt um skyldutryggingar til handa ekkjum og munaðarleysingjum, mönnum sem unnið hafa iðnaðar- eða verzlunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o.fl. (1933)<sup>3)5</sup> (8).
40. Samþykkt um skyldutryggingar til handa ekkjum og munaðarleysingjum og landbúnaðarverkamönnum (1933)<sup>3)5</sup> (7).
41. Samþykkt um næturvinnu kvenna (endurskoðuð 1934)<sup>3)5</sup> (38).
42. Samþykkt um bætur til verkamanna fyrir atvinnusjúkdóma (endurskoðuð 1934)<sup>5</sup> (53).
43. Samþykkt um vinnutíma í sjálfvirkum rúðuglerverksmiðjum (1934)<sup>5</sup> (13).
44. Samþykkt um bætur eða styrki til þeirra sem eru atvinnulausir gegn vilja sínum (1934)<sup>5</sup> (14).
45. Samþykkt um vinnu kvenna neðanjarðar í hvers konar námum (1935) (98).
46. Samþykkt um takmörkun vinnutíma í kolanánum (endurskoðuð 1935)<sup>4</sup> (3).
47. Samþykkt um fækkun vinnustunda niður í 40 á viku (1935) (15).
48. Samþykkt um alþjóðlega skipan til viðhalds réttindum til örorku- og ellityrgginga og trygginga til handa ekkjum og munaðarlausum (1935)<sup>3)5</sup> (12).
49. Samþykkt um styttingu vinnutíma í glerflöskuverksmiðjum (1935)<sup>5</sup> (10).
50. Samþykkt um eftirlit með tilteknum aðferðum við ráðningu verkamanna (1936)<sup>5</sup> (33).
51. Samþykkt um styttingu vinnutíma í fyrirtækjum hins opinbera (1936)<sup>3</sup> (0).
52. Samþykkt um árlegt orlof með launum (1936)<sup>5</sup> (54).
53. Samþykkt um lágmarkskröfur til hæfni skipstjóra og yfirmanna á kaupskipum (1936) (37).
54. Samþykkt um árlegt orlof með launum fyrir farmenn (1936)<sup>3)5</sup> (6).
55. Samþykkt um skyldur útgerðarmanns, er sjómenn veikjast, slasast eða deyja (1936) (18).
56. Samþykkt um sjúkratryggingar sjómanna (1936)<sup>5</sup> (20).
57. Samþykkt um vinnutíma á skipum og stærð áhafnar (1936)<sup>5</sup> (3).
58. Samþykkt um lágmarksaldur barna við sjómannsku (endurskoðuð 1936)<sup>5</sup> (51).
59. Samþykkt um lágmarksaldur barna í iðnaði (endurskoðuð 1937)<sup>2</sup> (36).

60. Samþykkt um lágmarksaldur barna við önnur störf en iðnað (endurskoðuð 1937)<sup>2</sup> (11).
61. Samþykkt um styttingu vinnutíma í baðmullariðnaðinum (1937)<sup>4</sup> (0).
62. Samþykkt um öryggisreglur í byggingariðnaðinum (1937)<sup>5</sup> (30).
63. Samþykkt um hagskýrslur um laun og vinnutíma í veigamestu greinum námavinnslu og verksmiðjuiðnaðar, þar á meðal byggingavinnu svo og landbúnaði (1938)<sup>5</sup> (34).
64. Samþykkt um skriflega vinnusamninga innfæddra verkamanna (1939)<sup>5</sup> (31).
65. Samþykkt um refsiákvæði við brotum innfæddra verkamanna á vinnusamningi (1939)<sup>5</sup> (33).
66. Samþykkt um skráningu, ráðningu og vinnukjör verkafólks, sem flytur milli landa í atvinnuleit (1939)<sup>23</sup> (0).
67. Samþykkt um vinnutíma og hvíldartíma við flutninga á landi (1939)<sup>3</sup> (4).
68. Samþykkt um fæði og þjónustu áhafna á skipum (1946) (25).
69. Samþykkt um útgáfu hæfnisskírteina fyrir matsveina á skipum (1946) (38).
70. Samþykkt um félagslegt öryggi sjómanna (1946)<sup>5</sup> (7).
71. Samþykkt um eftirlaun sjómanna (1946) (13).
72. Samþykkt um orlof með launum fyrir farmann (1946)<sup>5</sup> (5).
73. Samþykkt um læknisskoðun farmanna (1946) (46).
74. Samþykkt um hæfnisvottorð fullgildra háseta (1946) (29).
75. Samþykkt um vistarverur skipverja um borð í skipum (1946)<sup>5</sup> (5).
76. Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (1946)<sup>5</sup> (0).
77. Samþykkt um læknisrannsóknir til ákvörðunar á hæfni barna og unglings til iðnaðarstarfa (1946) (43).
78. Samþykkt um læknisrannsóknir á hæfni barna og unglings til starfa sem ekki teljast til iðnaðar (1946) (39).
79. Samþykkt um takmörkun á næturvinnu barna og unglings við störf sem ekki teljast til iðnaðar (1946) (20).
80. Samþykkt um breytingar á framtíðarskipan á þeim framkvæmdastörfum, sem í samþykktum gerðum á 28 fyrstu allsherjarþingum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eru falin aðalritara Þjóðabandalagsins svo og um frekari breytingar, er leiðir af upplausn Þjóðabandalagsins og breytingum á stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (1946)<sup>4</sup> (57).
81. Samþykkt um vinnueftirlit í iðnaði og verzlun (1947) (145).
82. Samþykkt um félagsmálapolítík í ósjálfstæðum löndum (1947) (4).
83. Samþykkt um að beita lágmarksákvæðunum um vinnuskyldu í ósjálfstæðum löndum (1947) (2).
84. Samþykkt um félagafrelsi og sættir í vinnudeilum í ósjálfstæðum löndum (1947) (9).
85. Samþykkt um vinnueftirlit í ósjálfstæðum löndum (1947) (11).
86. Samþykkt um hámarkslengd ráðningartíma innfæddra verkamanna (1947)<sup>5</sup> (23).
87. Samþykkt um félagafrelsi og verndun þess (1948) (152).
88. Samþykkt um skipulagningu vinnumiðlunar (1948) (89).
89. Samþykkt um næturvinnu kvenna í iðnaði (endurskoðuð 1948) (67).

90. Samþykkt um næturvinnu ungmenna í iðnaði (endurskoðuð 1948) (51).
91. Samþykkt um orlof með launum fyrir farmenn (endurskoðuð 1949)<sup>3</sup> (25).
92. Samþykkt um vistarverur skipverja um borð í skipum (endurskoðuð 1949) (47).
93. Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (endurskoðuð 1949)<sup>5</sup> (5).
94. Samþykkt um vinnuákvæði í opinberum samningum (1949) (62).
95. Samþykkt um verndun vinnulauna (1949) (97).
96. Samþykkt um vinnumiðlunarskrifstofur sem taka laun fyrir störf sín (endurskoðuð 1949)(42).
97. Samþykkt um inn- og útflutning fólks í atvinnuleit (endurskoðuð 1949) (49).
98. Samþykkt um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega (1949) (163).
99. Samþykkt um aðferðir til ákvörðunar á lágmarkslaunum við landbúnaðarstörf (1951) (53).
100. Samþykkt um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf (1951) (171).
101. Samþykkt um orlof með kaupi í landbúnaði (1952)<sup>5</sup> (46).
102. Samþykkt um lágmark félagslegs öryggis (1952) (49).
103. Samþykkt um mæðravernd (1952)<sup>5</sup> (41).
104. Samþykkt um brot innfæddra verkamanna á vinnusamningi (1955)<sup>5</sup> (26).
105. Samþykkt um afnám nauðungarvinnu (1957) (174).
106. Samþykkt um vikulega hvíldardaga í verzlunum og skrifstofum (1957) (63).
107. Samþykkt um frumbyggja og annað kynþáttafólk eða frumstætt innan sjálfstæðra ríkja (1957)<sup>5</sup> (27).
108. Samþykkt um persónuskírteini sjómanna (1958) (64).
109. Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (1958)<sup>5</sup> (15).
110. Samþykkt um vinnuskilyrði verkamanna á plantekrum (1958) (12).
111. Samþykkt um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs (1958) (172).
112. Samþykkt um lágmarksaldur fiskimanna (1959)<sup>5</sup> (29).
113. Samþykkt um læknisskoðun fiskimanna (1959) (30).
114. Samþykkt um skiprúmssamninga fiskimanna (1959) (23).
115. Samþykkt um vernd verkamanna fyrir geislun (1960) (50).
116. Samþykkt um breytingu á samþykktum gerðum á þrjátíu og tveim fyrstu allsherjarþingum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, í því skyni og samræma ákvæðin um skýrslur stjórnar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um framkvæmd samþykcta (1961)<sup>4</sup> (77).
117. Samþykkt um grundvallarmarkmið og reglur í félagsmálum (1962) (32).
118. Samþykkt um jafnrétti innlendra og erlendra manna til almannatrygginga (1962) (38).
119. Samþykkt um öryggisbúnað véla (1963) (52).
120. Samþykkt um heilbrigðisráðstafanir í verzlunum og skrifstofum (1964) (51).
121. Samþykkt um baetur vegna slysa við vinnu (1964) (24).
122. Samþykkt um stefnu í atvinnumálum (1964) (108).
123. Samþykkt um lágmarksaldur við vinnu neðanjarðar í nánum (1965)<sup>5</sup> (41).

124. Samþykkt um læknisskoðun ungmenna með tilliti til hæfni til vinnu neðanjarðar í nánum (1965) (41).
125. Samþykkt um hæfnisskírteini fiskimanna (1966) (10).
126. Samþykkt um vistarverur í fiskiskipum (1966) (23).
127. Samþykkt um hámarksþyngd þess sem verkamaður má bera (1967) (29).
128. Samþykkt um ellí-, örorku- og eftirlifendabætur (1967) (16).
129. Samþykkt um vinnueftirlit í landbúnaði (1969) (53).
130. Samþykkt um læknishjálp og sjúkrabætur (1969) (15).
131. Samþykkt um ákvörðun lágmarkslauna með sérstöku tilliti til þróunarlanda (1970) (51).
132. Samþykkt um árlegt orlof með launum (endurskoðað 1970) (36).
133. Samþykkt um vistarverur skipverja (viðbótarákvæði 1970) (32).
134. Samþykkt um slysavarnir sjómanna (1970) (29).
135. Samþykkt um vernd og aðstöðu trúnaðarmanna verkamanna á vinnustöðum (1971) (85).
136. Samþykkt um varnir gegn eitrunarhættu frá bensení (1971) (38).
137. Samþykkt um félagsleg áhrif nýrra aðferða við meðhöndlun farms í höfnum (1973) (25).
138. Samþykkt um lágmarksaldur við vinnu (1973) (166).
139. Samþykkt um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini (1974) (39).
140. Samþykkt um námsleyfi með launum (1974) (34).
141. Samþykkt um félagssamtök verkafólks í sveitum og þátt þeirra í efnahagslegri og félagslegri þróun (1975) (40).
142. Samþykkt um starfsfræðslu og starfsþjálfun sem þætti í þróun vinnuafls (1975) (68).
143. Samþykkt um óhæfilegar aðstæður farandverkamanna og jafnrétti þeirra til atvinnumöguleika og aðbúðar (1975) (23).
144. Samþykkt varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála (1976) (134).
145. Samþykkt um atvinnuöryggi farmanna (1976) (17).
146. Samþykkt um árlegt orlof farmanna (1976) (17).
147. Samþykkt um lágmarkskröfur á kaupskipum (1976) (56).
148. Samþykkt um verndun verkamanna gegn hættu frá loftmengun, hávaða og titringi á vinnustað (1977) (45).
149. Samþykkt um atvinnu, vinnuskilyrði og lífskjör hjúkrunarfólks (1977) (41).
150. Samþykkt um stjórn vinnumála: hlutverk, starfsemi og skipulag (1978) (74).
151. Samþykkt um verndun félagafrelsис og aðferðir við ákvörðun starfskjara í opinberri þjónustu (1978) (50).
152. Samþykkt um öryggi og heilbrigði í hafnarvinnu (1979) (26).
153. Samþykkt um vinnustundir og hvíldartíma við akstur (1979) (9).
154. Samþykkt um eflingu sameiginlegra samningsgerða (1981) (44).
155. Samþykkt um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi (1981) (61).

156. Samþykkt um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð (1981) (43).
157. Samþykkt um stofnun alþjóðlegs kerfis til viðhalds tryggingaráttindum (1982) (4).
158. Samþykkt um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda (1982) (36).
159. Samþykkt um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra (1983) (82).
160. Samþykkt um hagskýrslugerð um atvinnumál (1985) (49).
161. Samþykkt um heilsugæslu á vinnustöðum (1985) (31).
162. Samþykkt um öryggi við notkun asbestos (1986) (35).
163. Samþykkt um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn (1987) (18).
164. Samþykkt um heilsuvernd og læknishjálp við skipverja (1987) (15).
165. Samþykkt um félagslegt öryggi skipverja (1987) (3).
166. Samþykkt um heimsendingu skipverja (1987) (14).
167. Samþykkt um öryggi og hollustuhætti í byggingariðnaði (1988) (24).
168. Samþykkt um atvinnuuppbýggingu og vernd gegn atvinnuleysi (1988) (8).
169. Samþykkt um frumbyggja og ættflokkja í sjálfstæðum ríkjum (1989) (22).
170. Samþykkt um öryggi við notkun efna við vinnu (1990) (17).
171. Samþykkt um næturvinnu (1990) (11).
172. Samþykkt um vinnuaðstæður á hótelum, veitingastofum og svipuðum stofnunum (1991) (15).
173. Samþykkt um verndun launakrafna starfsmanna við gjaldþrot atvinnurekanda (1992) (21).
174. Samþykkt um varnir gegn meiriháttar iðnaðarslysum (1993) (18).
175. Samþykkt um réttindi þeirra sem vinna hlutastörf (1994) (14).
176. Samþykkt um öryggi og hollustuhætti í námum (1995) (28).
177. Samþykkt um heimastörf (1996) (10).
178. Samþykkt um eftirlit með aðbúnaði og kjörum skipverja (1996) (15).
179. Samþykkt um skráningu skipverja og ráðningu í skiprúm (1996) (10).
180. Samþykkt um vinnutíma skipverja og mönnun skipa (1996) (21).
181. Samþykkt um einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur (1997) (28).
182. Samþykkt um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausar aðgerðir til að afnema hana (1999) (178).
183. Samþykkt um mæðravernd (2000) (28).
184. Samþykkt um öryggi og hollustu í landbúnaði (2001) (15).
185. Samþykkt um persónuskírteini sjómanna (2003) (23).
186. Samþykkt um vinnuskilyrði farmanna (2006) (51).
187. Samþykkt um að efla öryggi og heilbrigði við vinnu (2006) (26).
188. Samþykkt um vinnu við fiskveiðar (2007)<sup>1</sup> (4).
189. Samþykkt um þjónustufólk á heimilum (2011) (11).

**Af samþykktum þeim, sem talðar eru hér að framan, hefur Ísland fullgilt þessar:**  
(Dagsetning á skráningu fullgildingar er innan sviga.)

1. Nr. 2, um ráðstafanir gegn atvinnuleysi (17. febrúar 1958).
2. Nr. 11, um rétt landbúnaðarfólks til að bindast samtökum og stofna félög (21. ágúst 1956).
3. Nr. 15, um ákvörðun lágmarksaldurs unglings við kyndara- og kolamokarastörf (21. ágúst 1956).
4. Nr. 29, um nauðungarvinnu eða skylduvinnu (17. febrúar 1958).
5. Nr. 58, um lágmarksaldur barna við sjómennsku (21. ágúst 1956).
6. Nr. 81, um vinnueftirlit í iðnaði og verslun (24. mars 2009).
7. Nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess (19. ágúst 1950).
8. Nr. 91, um orlof með launum fyrir farmenn (1952).
9. Nr. 98, um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega (15. júlí 1952).
10. Nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf (17. febrúar 1958).
11. Nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis (20. febrúar 1961).
12. Nr. 105, um afnám nauðungarvinnu (29. nóvember 1960).
13. Nr. 108, um persónuskírteini sjómanna (26. október 1970).
14. Nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs (29. júlí 1963).
15. Nr. 122, um stefnu í atvinnumálum (22. júní 1990).
16. Nr. 129, um vinnueftirlit í landbúnaði (24. mars 2009).
17. Nr. 138, um lágmarksaldur til vinnu (6. desember 1999).
18. Nr. 139, um varnir gegn og eftirlit með krabbameinsvaldandi efnum (21. júní 1991).
19. Nr. 144, varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála (30. júní 1981).
20. Nr. 147, um lágmarkskröfur á kaupskipum (11. maí 1999).
21. Nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi (21. júní 1991).
22. Nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð (22. júní 2000).
23. Nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra (22. júní 1990).
24. Nr. 182, um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausar aðgerðir til að afnema hana (22. júní 2000).

**Athugasemdir:**

- 1) Samþykkt sem ekki hefur verið fullgilt af nægilega mörgum aðildarríkjum til að öðlast gildi.
- 2) Samþykkt sem hefur verið endurskoðuð með síðari samþykkt.
- 3) Samþykkt sem ekki er hægt að fullgilda vegna þess að hún hefur verið endurskoðuð með nýrri samþykkt sem hefur tekið gildi.
- 4) Samþykkt hefur ekki verið fullgilt af lágmarksfjölda aðildarríkja til að taka gildi. Ákvæði í nokkrum þeirra hafa verið tekin upp í aðrar síðari samþykktir.
- 5) Samþykkt sem ekki er hægt að fullgilda vegna þess að Alþjóðavinnumálaþingið hefur lýst hana úrelta.